



# Handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar

Síðast uppfærð í júní 2017



UMHVERFISSTOFNUN

**Titill:** Handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar

**Síðast uppfært dags:** 27.06.2017

**Uppfært af:** Lindu Guðmundsdóttur

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>MARKMIÐ OG STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR</b> .....	<b>6</b>
Stefna Umhverfisstofnunar 2013-2017 .....	7
<b>LÖG UM NÁTTÚRUVERND</b> .....	<b>10</b>
Ný náttúruverndarlög .....	10
Aðrar reglugerðir og lög.....	11
Náttúruminjaskrá A-,B-,C- hluti. ....	12
Alþjóðleg lög, samþykktir og aðrar lagalegar skyldur .....	13
<b>FRÍDLÝSINGAR</b> .....	<b>15</b>
Tillaga að friðlýsingu .....	15
Undirbúningur friðlýsingar .....	17
Listi yfir mögulega samráðsaðila, aðlagð að hverju tilfelli fyrir sig: .....	21
Friðlýsingarathöfn .....	21
<b>STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLANIR</b> .....	<b>25</b>
Verkferill fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlana.....	25
Listi yfir mögulega samráðsaðila, aðlagð að hverju tilfelli fyrir sig: .....	29
Efnisyfirlit og sniðmát fyrir stjórnunar- og verndaráætlanir .....	29
Gerð stjórnunar- og verndaráætlanna fyrir fólkvanga .....	31
Leiðbeiningar um svæðisskiptingar/zoning (IUCN) .....	31
Aðrar skipulagsáætlanir.....	32
Landsskipulagsstefna .....	32
Aðal- og deiliskipulag .....	33
Kortagerð, landupplýsingar og eignarhald (og utanumhald slíkra upplýsinga) .....	33
Aðrar áætlanir fyrir friðlýst svæði, öryggisáætlun, rekstraráætlun, framkvæmdáætlun.....	34
Flugmálahandbók Isavia .....	34
Friðlýsingaskýrsla.....	35
Ástandsskýrsla .....	35
Rauði listinn .....	35
<b>UMSJÓNARSAMNINGAR, RÁDGJAFANEFNDIR OG NÁTTÚRUVERNDARNEFNDIR SVEITAFÉLAGA</b> .....	<b>36</b>
Umsjónarsamningar .....	36
Hlutverk náttúruverndarnefnda.....	37
Ársfundir náttúruverndarnefnda og umsjónaraðila.....	37
Rádgjafarnefndir fyrir friðlýst svæði .....	39
Nefndir og ráð sem meðlimir náttúrusvæðateymis eiga sæti í .....	39
Alþjóðastarf náttúrusvæðateymis .....	40
<b>FRÍDLÝST SVÆÐI</b> .....	<b>41</b>
Svæðisumsjón sérfræðinga á sviði náttúru hjá Umhverfisstofnun .....	41



Landvarsla og eftirlit.....	42
Sjálfboðaliðar .....	43
Samkomulag vegna reksturs innan friðlýsts svæðis.....	46
Framkvæmdir og innviðauppygging á friðlýstum svæðum.....	47
<b>LEYFISVEITINGAR Á FRIDLÝSTUM SVÆÐUM.....</b>	<b>48</b>
Leyfisumsóknir fyrir framkvæmdir, rannsóknir og ljósmynda -og kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum .....	48
Eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum á friðlýstum svæðum .....	51
Gjaldskrá.....	52
Leyfi utan friðlýstra svæða.....	53
Umsagnir vegna svæða á náttúruminjaskrá .....	53
<b>BROT Á SKILMÁLUM EÐA LÖGUM OG REFSIÁKVÆÐI.....</b>	<b>55</b>
Lokun svæða .....	55
Gagnavarsla.....	58
Ágengar framandi tegundir.....	58
Gagnaskil CDDA.....	58
<b>MIDLUN UPPLÝSINGA, FORVARNIR OG FRÆÐSLA. ....</b>	<b>59</b>
<b>SAMANTEKT .....</b>	<b>61</b>
<b>ÍTAREFNI .....</b>	<b>62</b>



## Inngangur

Árið 2011 kom út skýrsla undir heitinu *Stjórnun friðlýstra náttúruminja í umsjón Umhverfisstofnunar*. Við gerð þeirrar skýrslu voru skilgreind markmið Umhverfisstofnunar, unnið að stefnumótun fyrir friðlýstar náttúruminjar í umsjón Umhverfisstofnunar og lagður grunnur að stefnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Átti að endurskoða skýrsluna að fimm árum liðnum. Nú er svo komið að tímabært er að endurskoða skýrsluna sem hefur nýst vel sem tól í stjórnun og umsjón með friðlýstum svæðum og verið einskona handbók starfsmanna Umhverfisstofnunar sem vinna í þessum málaflokki. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá útgáfu fyrri skýrslunnar og ber helst að nefna að ári eftir útgáfu hennar var mótuð heildstæð stefna fyrir Umhverfisstofnun, sem gildir frá 2012-2017. Ný náttúruverndarlög tóku gildi árið 2015 og með þeim hafa orðið viðbætur og breytingar á þeim stjórnartækjum sem stofnunin hefur. Nýjum náttúruverndarlögum hefur því fylgt innleiðingarferli þessara stjórnartækja, sem enn er í mótun. Ötult starf hefur verið unnið við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og er stefnt að því að klára að meðaltali tíu slíkar áætlanir á ári, næstu 10 árin. Gerðir hafa verið verkferlar við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og einnig við gerð friðlýsinga og friðlýsingaathafna. Það er því ekki síður vegna framfara á sviði stjórnunar friðlýstra svæða, sem hugað er að endurskoðun þessarar skýrslu.

Ný uppfærsla mun vera með breyttu móti og í henni mun vera safnað saman öllum þeim verkþáttum og ferlum sem notast er við þegar kemur að stefnumótun og umsjón friðlýstra svæða. Hún mun því færast frá því að vera frumkvöðlaskýrsla, í það að vera handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar. Handbók þessi er hugsuð sem lifandi skjal sem skal ávallt uppfært með tilliti til breytinga í verkferlum eða stjórnunarháttum. Teymisstjórar friðlýsinga- og náttúrusvæðateymis skulu bera ábyrgð á því að handbókin sé ávallt uppfærð í takt við þróun á störfum hvors teymis fyrir sig.

## Markmið og stefna Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum [nr. 90/2002](#) um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Verkefni Umhverfisstofnunar greinast í eftirfarandi þætti:

- ✓ Eftirlit og leyfisveitingar
- ✓ Umsjón og rekstur á friðlýstum svæðum og í þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- ✓ Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála
- ✓ Söfnun og miðlun upplýsinga um umhverfismál, þ.á.m. vöktun
- ✓ Bókhald og viðskiptakerfi loftlagsmála
- ✓ Veiðistjórnun
- ✓ Umsjón með umhverfisluta EES-samningsins
- ✓ Vinna við gerð reglugerða
- ✓ Leiðbeiningar til annarra opinberra aðila, sveitarfélaga og fyrirtækja
- ✓ Umsagnir vegna m.a. mats á umhverfisáhrifum og skipulagsmála
- ✓ Friðlýsingar nýrra svæða
- ✓ Önnur verkefni samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðuneytis.

Gildi Umhverfisstofnunar eru faqmennska – framsýni – samvinna- virðing.

## Stefna Umhverfisstofnunar 2013-2017

Umhverfisstofnun hefur markað sér stefnu til fjögurra ára sem verður endurskoðuð árið 2017. Að endurskoðuninni lokinni skal uppfæra stefnuna hér í kafla 1. Í stefnunni hafa verið sett fram meginviðfangsefni stofnunarinnar í umhverfismálum, ásamt markmiðum þeim tengdum:

### Hreint loft og takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Við viljum hreint loft hvar sem er á landinu. Loftgæði verða að standast kröfur á landsvísu og alþjóðamælikvarða.

Íslendingar eiga að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar í loftslagsmálum.

Upplýsingar um loftgæði og loftslagsmál verði aðgengilegar öllum.

#### Markmið

- ✓ Loftgæði séu góð og standist þær kröfur sem gerðar eru
- ✓ Losun gróðurhúsalofttegunda verði í samræmi við skuldbindingar Íslands
- ✓ Almennigur og stjórnvöld séu upplýst um stöðu og horfur í loftgæðum og loftslagsmálum.

### Verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir.

Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu.

Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður eftl. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

#### Markmið

- ✓ Hefta útbreiðslu minks, skógarkerfils og lúpínu
- ✓ Bæta stjórnun refaveiða
- ✓ Tryggja að erfðabreyttar lífverur dreifist ekki í náttúrunni
- ✓ Koma á neti verndarsvæða
- ✓ Verndaráætlanir fyrir a.m.k. helming friðlýstra svæði
- ✓ Stýring álags á náttúruverndarsvæðum vegna ferðamanna
- ✓ Auka eftirlit, vöktun og umsjón með friðlýstum svæðum.

### Hreint haf og vatn

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika.

Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint.

Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

#### Markmið

- ✓ Komið verði á samræmdri stjórn vatnamála

- ✓ Allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið á lands- og alþjóðavísu
- ✓ Mikil hafgæði á Íslandsmiðum haldist áfram
- ✓ Viðbúnaður við bráðamengun verði í takt við áhættu
- ✓ Tölfræði um frávik í eftirliti með móttökustöðvum úrgangs í höfnum.

## Heilnæmt umhverfi

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna.

Tryggja að á markaði séu ekki efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni.

Við stuðlum að því að framleiðendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og almenningur upplýstur um rétt sinn.

Við vinnum að bættri hollustuvernd með samræmingu og í samstarfi við heilbrigðisnefndir.

### Markmið

- ✓ Heilnæmara umhverfi með skýrari reglum og færri undanþágum
- ✓ Dregið verði úr notkun hættulegra efna
- ✓ Koma ábyrgum upplýsingum um efni í vörum til almennings
- ✓ Framleiðendur og innflytjendur uppfylli skyldur sínar með ábyrgum hætti.

## Sjálfbær nýting auðlinda

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða.

Við munum halda auðlindabókhald. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni.

Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

### Markmið

- ✓ Efla og bæta úrgangsstjórnun
- ✓ Draga úr myndun úrgangs
- ✓ Gera veiðistjórnun skilvirkari
- ✓ Auka vitund um mikilvægi skilvirkrar nýtingar hráefna
- ✓ Auka eftirlit með hreindýraveiðum.

## Grænt samfélag

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun. Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerkrar vöru í innkaupum almennings. Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

### Markmið



- ✓ Upplýsingar til almennings á mannamáli
- ✓ Stuðla að grænna hagkerfi með upplýsingagjöf og leiðsögn
- ✓ Auka græna hugsun í skipulagi samgöngumála
- ✓ Stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu
- ✓ Tryggja rétt almennings til umgengni og útivistar í íslenskri náttúru.

## Sambætting og eftirfylgni

Við viljum tryggja bætta framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni.

Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bætta þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir sambættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

### Markmið

- ✓ Skýra hlutverk og sambættingu við samstarfsaðila
- ✓ Bæta framkvæmd reglna og umbóta
- ✓ Auka rafræna stjórnslu
- ✓ Bæta eftirlit með atvinnurekstri ásamt markvissri eftirfylgni
- ✓ Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum mannvirkjagerðar
- ✓ Hafa áhættumiðað eftirlit og þjálfun eftirlitsmanna
- ✓ Samræma eftirfylgni reglna um náttúruvernd við aðferðir á sviði mengunarvarna
- ✓ Koma á skipulagi fyrir umhverfisábyrgð.

## Leiðandi stofnun

Við viljum starfa í öflugri stofnun þar sem skipulag, þekking, tæki og tól eru til staðar til að veita landsmönnum góða þjónustu.

Við viljum geta sinnt skyldum okkar og verkefnum í átt að sjálfbærri þróun.

Við stuðlum að því að vera eftirsóttur vinnustaður sem við erum stolt af og erum fremst á okkar sviði.

Við notum gagnsæ og öguð vinnubrögð og leggjum áherslu á að vinna með fólki.

### Markmið

- ✓ Fræða og miðla bestu upplýsingum
- ✓ Stýra og hvetja með aðgerðum til árangurs
- ✓ Efla samráð og veita góða þjónustu
- ✓ Skipuleggja þekkingu, stjórnæki og verkfæri
- ✓ Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Nánari upplýsingar um hvað einstaka markmið fela í sér og árangursvísa tengda þeim má finna í Gráskinnu, gæðahandbók Umhverfisstofnunar.

# Lög um náttúruvernd

## Ný náttúruverndarlög

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd tóku gildi 15. nóvember 2015. Markmið laganna „er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“

Töluverðar breytingar fylgdu nýjum náttúruverndarlögum og hafa sérfræðingar Umhverfisstofnunar tekið þær saman og gert greiningu með tilliti til hlutverks Umhverfisstofnunar. Í greiningunni er meðal annars fjallað um meginreglur, ákvarðanatöku og almenna aðgæsluskyldu en í II. kafla náttúruverndarlaga eru m.a. skilgreindar meginreglur. Í 6. gr. er mælt fyrir um almenna aðgæsluskyldu og í 7. gr. er fjallað um meginreglur um við ákvarðanatöku þar sem segir að við setningu stjórnvaldsfyrirmæla og töku ákvarðana sem hafa áhrif á náttúruna skulu stjórnvöld taka mið af þeim meginreglum og sjónarmiðum sem fram koma í 8-11. gr. laganna. **Þetta eru því sjónarmið sem Umhverfisstofnun skal hafa í huga við ákvarðanatöku.**<sup>1</sup>

Hér að neðan eru teknar saman helstu greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem snúa að megin skyldum friðlýsinga- og náttúrusvæðateymis. Greiningin var unnin í tengslum við innleiðingu fyrrgreindra laga. Listinn er ekki tæmandi.

Grein nvl	Þættir	Innleiðing þátta
13. og 81. gr	Gerð stjórnunar- og verndaráætlana	Verkferill til
17. gr.	Almannaréttur og skyldur almennings í umgengni um landið	
22. gr.	Heimild til að tjalda	Unnið hefur verið upplýsingaefni fyrir almenning
23. gr.	Takmarkaðar heimildir til að tjalda	Unnið hefur verið upplýsingaefni fyrir almenning
25. gr.	Heimild Umhverfisstofnunar til takmörkunar umferðar í óbyggðum og takmörkun umferðar vegna ágangs	Verkferill til
30. gr.	Heimild Umhverfisstofnunar til að bæta aðstöðu til útivistar	Ferill ekki til – skilgreina þarf hvenær þarf að bregðast við og hvenær ekki
31. gr.	Akstur utan vega	Umsóknarblað komið í þjónustugátt

<sup>1</sup>Sharepoint>Skrifstofa forstjóra>lokagreining\_nvl

		Búa þarf til feril
32. gr.	Vegaskrá	Búa þarf til viðmið
33.-37. gr.	Náttúruminjaskrá	Framkvæmt þegar erindi berst frá ráðherra
35. gr.	Mat á verndarráðstöfunum vegna náttúruminjaskrár	Framkvæmt þegar erindi berst frá ráðherra
38.-40. gr.	Friðlýsingar og undirbúningur þeirra	Verkferill til
44. gr.	Afnám eða breyting á friðlýsingu	
45.-52. gr.	Friðlýsingarflokkar	Nýir flokkar og jaðarsvæði í innleiðingu
53. gr.	Friðlýsing í verndarflokki verndar-orkunýtingaráætlunar (Rammaáætlun)	Í innleiðingu, vantar skýra svæðaafmörkun
56. gr.	Friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda	Í innleiðingu
61. og 62. gr.	Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja og vernd bakkagróðurs	Viðmiðin skýr í lögnum
71. gr.	Áletranir á náttúrumyndanir	Viðmiðin skýr í lögnum
72. gr.	Auglýsingar utan þéttbýlis	Viðmiðin skýr í lögnum
73. gr.	Eignir í hirðuleysi	Viðmiðin skýr í lögnum
77. gr.	Eftirlit með ástandi svæða í óbyggðum	Meta þarf umfang og fjárpörf til að hægt sé að virkja ákvæðið
79. og 84. gr.	Umsjón og eftirlit með náttúruverndarsvæðum	Búa þarf til feril vegna gerðar ástandsskýrslu
79. gr.	Landverðir	Komið í verkferil fyrir gerð stj. og verndaráætlana. Endurskoða þarf starfslýsingar.
84. gr.	Eftirlit á náttúruverndarsvæðum	
85. gr.	Umsjónarsamningar	Drög að samningum til

## Aðrar reglugerðir og lög

- [Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.](#)
- [Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.](#)
- [Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Fjallar m.a. um fjallaskála og tjaldsvæði.](#)
- [Skipulagslög nr. 123/2010.](#)
- [Reglugerð um friðlýsingu dropsteina nr. 120/1974.](#)
- [Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifinu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.](#)
- [Reglugerð um friðlýstar plöntur nr. 184/1978.](#)
- [Reglugerð 528/2005 um takmarkanir á umferð.](#)
- [Reglugerð nr. 525/1996 um friðun tiltekinna fuglategunda.](#)
- [Reglugerð nr. 947/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis.](#)
- [Reglugerð nr. 61/1990 um landverði.](#)
- [Reglugerð nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul.](#)
- [Lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu.](#)

- [Reglugerð nr. 136/1978 um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.](#)
- [Lög nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.](#)
- [Reglugerð nr. 157/1993 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.](#)
- [Lög nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.](#)
- [Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.](#)
- [Lög nr. 22/2012 um umhverfisábyrgð.](#)

Frekari upplýsingar eru að finna á [www.reglugerd.is](http://www.reglugerd.is) og [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

## Náttúruminjaskrá A-,B-,C- hluti.

**Ráðgjafarnefnd og fagráð náttúruminjaskrár:** Ráðherra skipar **ráðgjafarnefnd** náttúruminjaskrár til fimm ára í senn og er nefndin skipuð sjö fulltrúum. Umhverfisstofnun skipar einn fulltrúa í nefndina. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um gerð tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluta).

**Fagráð** er einnig skipað af ráðherra til fimm ára í senn og er skipað átta fulltrúum. Umhverfisstofnun á einn fulltrúa í fagráði. Fagráðið er Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar um gerð tillögu um minjar á náttúruminjaskrá.

*Nánar er kveðið á um náttúruminjaskrá í 13., 15. gr. og 33.-37. greinum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.*

Ráðherra gefur út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti og skiptist hún í A-, B-, og C-hluta. Náttúrufræðistofnun annast skráningu minja á náttúruminjaskrá og mat á verndargildi þeirra. Umhverfisstofnun sér um kynningu á náttúruminjaskrá og skilar umsögn til ráðherra að loknum kynningartíma. Kynningin er á ábyrgð friðlýsingateymis.

**A-hluti:** Skrá yfir friðlýst svæði, friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir.

**B-hluti:** Framkvæmdaáætlun fyrir friðlýsingar og friðun, skrá yfir náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun næstu fimm árin. Alþingi samþykkir þingsályktun um framkvæmdaáætlun. Ráðherra felur Umhverfisstofnun að meta nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem til greina kemur að setja á framkvæmdaáætlun og kostnað við þær. Ráðherra getur sett á tímabundið bann við framkvæmdum á náttúruminjum í B-flokki.

**C-hluti:** Aðrar mikilvægar náttúruminjar, sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta, nema almannahagsmunir krefjast þess og annarra kosta hafi verið leitað. Umhverfisstofnun veitir þá umsögn um framkvæmdina, nema fyrir liggi aðal- eða deiliskipulag þar sem Umhverfisstofnun hefur þegar veitt umsögn skv. 1. og 2. mgr. 68 gr. laga 60/2013.

## Alþjóðleg lög, samþykktir og aðrar lagalegar skyldur

Umhverfisstofnun vinnur eftir alþjóðalögum og taka sérfræðingar stofnunarinnar þátt í margvíslegu alþjóðastarfi sem tengist hlutverki stofnunarinnar. Neðangreindir eru alþjóðlegir samningar sem Alþingi hefur fullgillt eða samþykkt.

### Samningur um líffræðilega fjölbreytni

*Convention on Biological Diversity, CBD*

Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og að stuðla að sanngjarni skiptingu á kosti líffræðilegra gæða. Nánar á [www.cbd.int](http://www.cbd.int)

### Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn)

*Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats*

Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlegar samvinnu þarf til að vernda. Þá er markmiðið að stuðla að fjölþjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða. Í Bernarsamninginum er meðal annars að finna viðauka með skrá yfir dýr og plöntur sem eru hætt komin eða fágæt og einnig skrá yfir dýr sem ber að vernda, ásamt lífssvæðum þeirra. Nánar á <http://www.coe.int/en/web/bern-convention>

### Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningurinn)

*Convention on Wetlands of International Importance Especially as Waterfowl Habitat (Ramsar Convention)*

Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífssvæði fyrir votlendisfugla. Hverju aðildarríki ber að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendi. Tilkynna þarf skrifstofu Ramsar ef vistfræðileg sérkenni tilnefndra votlendissvæða breytast eða eru líkleg til að breytast vegna röskunar af mannavöldum. Nánar á [www.ramsar.org](http://www.ramsar.org)

Six votlendissvæði eru tilnefnd af hálfu Íslands: Mývatn-Laxá, Þjórsárver, Grunnafjörður, Andakíll, Eyjabakkur og Guðlaugstungur.

### Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingahættu (CITES)

*Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora*

Markmið samningsins er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingahættu og í honum eru reglur um inn- og útflutning lifandi og dauðra dýra. Í viðaukum er að finna skrár með tegundum, viðaukarnir eru þrjár og um þá gilda mismunandi strangar reglur. Nánar á [www.cited.org](http://www.cited.org)

### Rammasamningur Sameinuðu Þjóðanna um lofstlagsbreytingar (Río de Janeiro, 1992), Kyoto bókunin og Parísarsáttmálinn.



*UN Framework Convention on Climate Change (UNFCCC), the Kyoto Protocol and the Paris Agreement*

Markmið samningsins, bókunarinnar og sáttmálans er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum með því að stuðla að jafnvægi gróðurhúsategunda í andrúmsloftinu. Nánar á [www.unfccc.int](http://www.unfccc.int)

## Friðlýsingar

Allar friðlýsingar eru háðar staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra. Ákvörðun um friðlýsingu byggir ráðherra á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluta) eða verndarflokki rammaáætlunar. Þó er landeigendum, sveitarfélögum, stofnunum o.fl. heimilt að tilnefna svæði til friðlýsingar. Þess ber þó að geta að þar til vinna við gerð nýrrar náttúruminjaskrár er lokið er mælt með því að tillögur að friðlýsingum berist Náttúrufræðistofnun Íslands, sem ber ábyrgð á mati á verndargildi svæða og skráningu svæða á náttúruminjaskrá.

Markmið friðlýsinga er að stuðla að markmiðum laga 60/2013 um náttúruvernd. Hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja eru óheimilar nema samkvæmt undanþágu, sbr. 41.gr. laga nr. 60/2013.

Friðlýsingarteymi hefur unnið verkferla með vinnulýsingum fyrir friðlýsingar. Tilgangur verkferlanna er að tryggja góð, vönduð og samræmd vinnubrögð og að vinnuferlið sé í samræmi við lög.

## Tillaga að friðlýsingu

Tilgangur vinnulýsingarinnar er að lýsa ferlinu þegar Umhverfisstofnun berst tillaga að friðlýsingu svæðis til að tryggja góð, vönduð og samræmd vinnubrögð og að vinnuferlið sé í samræmi við lög. Vinnulýsingin nær til þeirrar vinnu sem fram fer frá því að tillaga berst Umhverfisstofnun og þar til að tekin hefur verið ákvörðun um hvort vinna skal að áframhaldandi undirbúningi friðlýsingar.

### 1. Frumkönnun

Sérfræðingur friðlýsingateymis gerir frumkönnun sé svæðið ekki á B- eða C- hluta náttúruminjaskrár eða áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

#### Tillaga að friðlýsingu svæðis getur komið frá:

Náttúruminjaskrá (B-hluta)

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Landeigendum, sveitastjórnnum, vísindamönnum, stofnunum o.s.frv.

### 2. Upplýsinga aflað frá fagaðilum

Sérfræðingur friðlýsingateymis aflar upplýsinga um sérstöðu svæðisins hjá fagaðilum.

### 3. Hugmyndir tilnefningaraðila

Sérfræðingur friðlýsingateymis kallar eftir því hvaða hugmyndir tilnefningaraðili hefur um svæðið.

### 4. Skipulag svæðis kannað

Sérfræðingur friðlýsingateymis kannar skipulag svæðisins, aðalskipulag og deiliskipulag ef til er og önnur skipulög eftir því sem við á.

## 5. Tengsl við aðrar áætlanir


Sérfræðingur friðlýsingateymis kannar tengsl við aðrar landnýtingar- og friðlýsingaráætlanir (B- og C-hluti náttúruminjaskrár og áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, landskipulagsstefnu ofl.).

## 6. Tillaga metin og ákvörðun tekin

Sérfræðingur friðlýsingateymis leggur mat á tillöguna.

Sé niðurstaða frumkönnunar að vinna skuli að friðlýsingu svæðis sem er ekki á B-hluta náttúruminjaskrár eða áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða kynnir teymisstjóri friðlýsingateymis tillögu að friðlýsingu fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneyti og óskar eftir ákvörðun ráðuneytis varðandi áframhaldandi vinnu við undirbúning friðlýsingar. Fáist samþykki ráðuneytis skal auglýsa tillöguna í samræmi við 2. og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir: *Tillagan skal auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingarblaðinu og jafnframt á heimasíðu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan sé aðgengileg og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillagan skal jafnframt send sveitarstjórnnum, náttúruverndarnefndum og náttúrustofum til umsagnar sem og öðrum opinberum aðilum og hagsmunasamtökum eftir því sem ástæða þykir til. Einnig skal senda tillöguna þeim aðilum sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta vegna hennar. Umsagnarfrestur skal vera jafn langur og getið er um í auglýsingu um tillöguna. Eftir að kynningartíma lýkur tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir og skilar til ráðherra. Umhverfisstofnun skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillöguna grein fyrir umsögn sinni um þær.*

Sé niðurstaða frumkönnunar að Umhverfisstofnun telji ekki ástæðu til að friðlýsa samkvæmt lögum um náttúruvernd skal stofnunin tilkynna viðkomandi að stofnunin hafni tillögu að friðlýsingu og að ekki sé talin ástæða til að friðlýsa samkvæmt lögum um náttúruvernd.





## 7. Aðrir möguleikar skoðaðir ef við á.

Í þeim tilvikum þar sem friðlýsing er ekki talin eiga við leiðbeinir sérfræðingur stofnunarinnar viðkomandi um aðra möguleika sem eiga við, s.s. hverfisvernd, friðlýsingu æðarvarps eða friðlýsingu menningarminja.

# Undirbúningur friðlýsingar

Markmið þessarar vinnulýsingar er að lýsa því vinnulagi sem viðhaft er hjá Umhverfisstofnun við undirbúning að friðlýsingu nýrra svæða þegar tekin hefur verið ákvörðun um friðlýsingu. Með vinnulýsingunni er reynt að tryggja góð, vönduð og samræmd vinnubrögð og að vinnuferlið sé í samræmi við lög. Vinnuferli friðlýsingar skal vera skýrt, gagnsætt og allir þættir verkefnisins skilgreindir með skýrum hætti.

## 1. Móttaka og öflun gagna.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að vinna að friðlýsingu tiltekins landsvæðis, sbr. *vinnulýsing um tillögu að friðlýsingu*, hefst gagnaöflun sem ábyrgðarmaður máls hefur yfirumsjón með. Afla þarf gagna um eftirfarandi þætti:

- a. Landeigendur. Upplýsinga um eignarhald á landi er aflað hjá sýslumanni og/eða Þjóðskrá Íslands.
- b. Landnýting. Upplýsinga um landnýtingu er aflað hjá sýslumanni og/eða sveitarfélögum. Einnig skal fara vel yfir gildandi skipulag (deili- og aðalskipulag) liggja það fyrir.
- c. Hagsmunaaðilar. Greina þarf hagsmunaaðila, ábúendur, hagsmunafélög, nýtingarrétthafa og aðra rétthafa í samvinnu við sveitarfélag.
- d. Sérstaða. Afla skal ítarlegri upplýsinga um svæðið hjá fagaðilum, s.s. Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofum, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnun, Hafrannsóknarstofnun o.s.frv. eftir því sem við á, um sérstöðu svæðisins m.t.t. náttúrufars og menningarminja og annarra þátta eftir því sem við á. Sé menningarminjar að finna á svæðinu skal Minjastofnun upplýst sérstaklega um að undirbúningur að friðlýsingu sé hafinn.

## 2. Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp.

Ábyrgðarmaður máls óskar eftir tilnefningum í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingarinnar frá eigendum svæðisins og viðkomandi sveitarfélagi. Aðrir geta átt sæti í samstarfshópnum eftir atvikum og eftir því sem þurfa þykir. Starfsmaður Umhverfisstofnunar er formaður samstarfshópsins. Miðað skal við að fulltrúar í starfshópnum séu að jafnaði ekki fleiri en 5 en aðstæður geta kallað á fjölmennari samstarfshópa. Þegar um er að ræða ríkisjarðir skulu Ríkiseignir upplýstar um áform um friðlýsingu og boðið sæti í samstarfshóp. Megin tilgangur með starfshópnum er að tryggja gott samstarf og samráð við vinnu við friðlýsingar.

## 3. Startfundur - verkferill kynntur.

Á fyrsta fundi samstarfshóps kynnir ábyrgðarmaður máls verkefnið og verkferil Umhverfisstofnunar. Einnig er rætt um grundvöll fyrir samkomulagi um friðlýsingu, mörk svæðis og almennt efni friðlýsingarskilmála.

Sé það mat samstarfshóps að vilji sé til að vinna að undirbúningi friðlýsingar skal á fyrsta fundi samstarfshópsins vinna verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun. Í verk- og tímaáætlun er eftirfarandi tilgreint að lágmarki:

- Almenn um verkefnið og forsendur þess.
- Tímarammi verkefnis og einstakra áfanga þess, s.s. gagnaöflun, hagsmunaaðilagreining, val friðlýsingaflokks, drög að friðlýsingarskilmálum, drög að mörkum svæðis, umsagnarferli og úrvinnsla umsagna.
- Áfangaskiptingu og afurð hvers áfanga.
- Kynningar og athugasemdaferli.
- Áætluð verklok.
- Í samráðsáætlun skal eftirfarandi tilgreint að lágmarki:
- Tilgangur og markmið samráðs.
- Hverjir eru samráðsaðilar (og þar með hagsmunaaðilar). Sjá lista hér neðst sem hafður skal til hliðsjónar þegar samráðs/hagsmunaaðilar eru greindir.
- Hlutverk samráðsaðila.
- Fyrirkomulag samráðs.
- Tímasetning samráðs.
- Upplýsingar um almennt kynninga- og athugasemdaferli.
- Listi yfir landeigendur, upplýsingar um landnýtingu, hagsmunaaðila og sérstöðu svæðisins skal borinn undir samstarfshópinn og óskað eftir ábendingum og athugasemdum.

Sé það mat samstarfshópsins að ekki sé vilji til að vinna að undirbúningi friðlýsingar svæðis skal sú niðurstaða bókuð, eigi síðar en að á þriðja fundi, og sú niðurstaða send ráðherra.

#### **4. Upplýsingar settar inn á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir flípanum friðlýsingar í vinnslu.**

Þegar verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun hafa verið samþykktar setur starfsmaður upplýsingateymis upp síðu undir flípanum friðlýsingar í vinnslu á heimasíðu Umhverfisstofnunar að beiðni ábyrgðarmanns verkefnis. Á síðunni skulu koma fram upplýsingar um svæðið í stuttu máli, hvers vegna er unnið að undirbúningi friðlýsingar, hverjir eiga sæti í samstarfshóp og tenglar á verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun. Þá skal einnig koma fram hver er ábyrgur fyrir vinnunni fyrir hönd Umhverfisstofnunar og upplýsingar um netfang viðkomandi og síma Umhverfisstofnunar.

#### **5. Samráðsaðilar upplýstir um undirbúning friðlýsingar svæðis.**

Þegar verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun hafa verið samþykktar og ábyrgðarmaður máls metur það sem svo að líkur séu á að grundvöllur sé fyrir samkomulagi um friðlýsingu eru samráðsaðilar upplýstir um að undirbúningur friðlýsingar sé hafinn og bent á svæðið sem sett hefur verið upp á heimasíðu Umhverfisstofnunar skv. lið 4. Þá skal jafnframt upplýsa um hvenær formlegt kynningarferli hefst og hvenær gert er ráð fyrir að vinnu við undirbúninginn ljúki. Samráðsaðilar skulu hvattir til að kynna sér vinnu við undirbúning friðlýsingarinnar og bent á að ábendingum og athugasemdum sem nýtast munu við undirbúninginn er fagnað. Jafnframt skal óskað eftir því við stofnanir og rannsóknaraðila, sem ekki hefur verið haft samráð við áður, að þeir upplýsi um það ef þeir hafa undir höndum gögn sem nýtast munu við undirbúning friðlýsingar.

## 6. Fundir samstarfshóps.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar boðar næstu fundi samstarfshóps þar sem lögð eru fram drög að friðlýsingarskilmálum sem unnið er frekar með, fjallað er um mörk svæðisins, hugmyndir um uppbyggingu innviða, kostnað og hugmyndafræði og verklag um að stjórnunar- og verndaráætlanir séu unnar samhliða nýjum friðlýsingum. Jafnframt skal kynna landeigendum og öðrum réttihöfum lands rétt til bóta skv. 42. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Eftir 1-3 fundi er metið hvort að grundvöllur er fyrir samkomulagi um friðlýsingu.

Ef ekki er grundvöllur fyrir samkomulagi skal (í síðasta lagi) á fjórða fundi bóka þá niðurstöðu og senda málið til ráðherra og jafnframt upplýsa hagsmunaaðila um þá niðurstöðu og að málið hafi verið sent til ráðherra.

## 7. Drög að auglýsingu.

Í kjölfar samráðsfunda semur Umhverfisstofnun drög að friðlýsingarskilmálum í samráði við samstarfshóp. Um efni auglýsingar er fjallað í 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þar segir að í auglýsingu skuli gera grein fyrir markmiði með friðlýsingu, þeim náttúruminum sem stefnt er að því að varðveita og verndargildi þeirra. Þá skal auglýsingu fylgja kort sem sýnir hnitsetta afmörkun svæðisins. Við afmörkun svæðis skal taka mið af markmiði friðlýsingarinnar. Ef um er að ræða verndarsvæði í hafi skal jafnframt tiltaka hvort friðlýsingin nái til hafsbotns, lífríkis og/eða vatnsbols. Í auglýsingunni skal gera grein fyrir því hvernig friðlýsingin stuðli að því að ná markmiðum laganna og eftir atvikum uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðasamningum. Innan þeirra marka sem hverjum friðlýsingarflokki eru heimilt að kveða nánar á um takmarkanir sem leiðir af friðlýsingunni, m.a. á umferðarrétti, notkun veiðiréttar og framkvæmdum. Heimilt er að kveða á um að afla skuli leyfis Umhverfisstofnunar til athafna og framkvæmda sem áhrif geta haft á verndargildi viðkomandi svæðis og um heimild stofnunarinnar til að setja skilyrði fyrir slíkum leyfum ef það er nauðsynlegt til að tryggja að markmið verndunarinnar náist. Setja má mismunandi reglur fyrir einstaka hluta friðlýsts svæðis. Í auglýsingu skal því eftirfarandi koma fram:

- Samkvæmt hvaða friðlýsingarflokki friðlýst er skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og flokkunarkerfi IUCN.
- Markmið friðlýsingar
- Hvaða náttúruminjar er ráðgert að varðveita og hver eru verndargildi þeirra.



- Ef um er að ræða verndarsvæði í hafi skal tiltaka hvort friðlýsingin nái til hafsbotns, lífríkis og/eða vatnsbols.
- Hvernig stuðlar friðlýsingin að því að ná markmiðum náttúruverndarlaga og eftir atvikum uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðasamningum.
- Umgengisreglur fyrir svæðið
- Ákvæði um landnotkun og mannvirkjagerð
- Hnitsett kort sem Landmælingar Íslands vinna samkvæmt beiðni frá ábyrgðarmanni máls

Samráð skal haft við umsagna- og leyfisteymi og náttúrusvæðateymi Umhverfisstofnunar við vinnslu friðlýsingaskilmála áður en auglýst er. Einnig skal kalla eftir álitum umhverfis- og auðlindaráðuneytis og annarra eftir því sem við á, áður en tillagan er auglýst opinberlega. Sé svæðið sem um ræðir þjóðlenda skal leita álits forsætisráðuneytis áður en tillagan er auglýst opinberlega. Einnig skal haft samráð við Ríkiseignir sé svæðið sem um ræðir ríkisjörð.

## 8. Kynning á auglýsingu.

Þegar fyrir liggur samþykki landeigenda og sveitarfélags fyrir framlögðum drögum að friðlýsingarskilmálum og mörkum svæðisins gerir ábyrgðarmaður máls auglýsingu sem birt er á heimasíðu Umhverfisstofnunar, í staðarblöðum, á heimasíðu sveitarfélags og eftir atvikum í miðli sem kemur út á landsvísu. Á sama tíma óskar ábyrgðarmaður máls eftir því að starfsmaður upplýsingateymis setji upp form á heimasíðu svæðisins þannig að allir hafi kost á að senda inn athugasemdir. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera 3 mánuðir.

## 9. Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun.

Samhliða kynningarferli skal hefja vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sbr. verkferil þar um. Samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd skal tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar.

## 10. Unnið úr athugasemdum.

Ábyrgðarmaður máls ber ábyrgð á að vinna úr og svara öllum athugasemdum sem berast á kynningartíma í samráði við samstarfshóp. Öllum athugasemdum og ábendingum er svarað, ýmist með bréfum eða með greinargerð.

## 11. Lokaútgáfa friðlýsingarskilmála send til ráðuneytis.

Lokaútgáfa friðlýsingarskilmála sem samþykkt hefur verið af landeiganda/eigendum, sveitarfélagi og öðrum eftir því sem við á (forsætisráðuneyti þegar um er að ræða þjóðlendur), ásamt skilabréfi þar sem ferli málsins er lýst og málinu vísað til umhverfis- og auðlindaráðherra til ákvörðunar, er sent til umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Allar athugasemdir sem bárust skulu fylgja skilabréfi ásamt svörum við þeim.

## 12. Staðfesting friðlýsingar.

Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir friðlýsingar. Ábyrgðarmaður máls tekur þátt í undirbúningi undirritunarathafnar sbr. vinnulýsing þar um. Að lokinni staðfestingu

friðlýsingar ber umhverfis- og auðlindaráðuneyti ábyrgð á að friðlýsingin sé auglýst í Stjórnartíðindum B. Ritari Umhverfisstofnunar sér um að eigendayfirlýsingar séu þinglýstar.

### 13. Skráning á staðfestingu friðlýsingar.

Þegar friðlýsing hefur verið staðfest setur starfsmaður upplýsingateymis upp svæði á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir flípanum friðlýst svæði með umfjöllun um svæðið. Ábyrgðarmaður máls ber ábyrgð á að eftirfarandi gögn séu vistuð í þeim gagnagrunni sem er í notkun hverju sinni:

- Eigendaupplýsingar
- Eigendayfirlýsingar
- Lokaskjöl - friðlýsingaskilmálar
- Eignarheimildir
- Heimildir um önnur réttindi
- Upplýsingar um málnúmer í GoPro

### 14. Frágangur á Gopro og máli lokað.

Ábyrgðarmaður máls ber ábyrgð á að loka máli í GoPro og að þar séu undir öll gögn málsins.

### Listi yfir mögulega samráðsaðila, aðlagð að hverju tilfelli fyrir sig:

- |                                   |   |
|-----------------------------------|---|
| ✓ Minjastofnun                    | ✓ Landgræðslan                                |
| ✓ Náttúrufræðistofnun Íslands     | ✓ Skotvís                                     |
| ✓ Náttúrustofur                   | ✓ Útivistarfélag                              |
| ✓ Vatnajökulspjöldgarður          | ✓ Ferðaskipuleggjendur                        |
| ✓ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | ✓ Náttúruverndarsamtök                        |
| ✓ Hafrannsóknarstofnun            | ✓ Ferðamálasamtök                             |
| ✓ Vegagerðin                      | ✓ Rekstraraðila innan svæðisins ef það á við. |
| ✓ Samgöngustofa                   |   |
| ✓ Skógrækt                        |   |

## Friðlýsingarathöfn

Hér að neðan er vinnulýsing fyrir undirbúning friðlýsingarathafnar og athöfnina sjálfa til að tryggja að öll nauðsynleg skjöl liggja fyrir og að tryggja að horft sé til allra þeirra atriða sem nauðsynleg eru við friðlýsingarathöfnina.

### 1. Undirbúningur - friðlýsingarathöfn

Áður en friðlýsingarathöfn fer fram þarf að liggja fyrir samþykki landeiganda, sveitarfélags og ráðuneytis á friðlýsingarskilmálum.

Umhverfisstofnun, í samvinnu við ráðuneyti, landeigendur eða aðra réttihafa lands og sveitarfélag, ákveður dagsetningu fyrir undirritunarathöfn og stað. Sé því viðkomið skal undirritunarathöfnin vera í nágrenni þess svæðis sem friðlýst er.

## 2. Upplýsingafulltrúar upplýstir

Ábyrgðarmaður máls sér um að upplýsa upplýsingafulltrúa um fyrirhugaða athöfn með að minnsta kosti viku fyrirvara.

## 3. Dagskrá og boð sent út

Ábyrgðarmaður máls setur upp dagskrá fyrir athöfnina sjálfa í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sveitarfélag og landeigendur.

Ábyrgðarmaður máls sendir formlegt boð á hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. landeiganda og sveitarfélag, um að vera viðstaddir undirritunarathöfn. Í boðinu skal taka fram með skýrum hætti hvaða svæði verður friðlýst, hvar athöfnin fer fram og hvenær (dagsetning og tímasetning). Boðið skal sent með a.m.k. viku fyrirvara.

## 4. Viðburður auglýstur


Viðburðurinn er auglýstur á heimasíðu Umhverfisstofnunar, sveitarfélags sem um ræðir, í staðarblaði ef við á og tilkynning send til fjölmiðla. Ábyrgðarmaður máls ber ábyrgð á að koma upplýsingum til upplýsingafulltrúa sem sér um birtingar auglýsinga og tilkynningu til fjölmiðla.

## 5. Viðburður fer fram

Ábyrgðarmaður máls sér til þess að veitingar séu til staðar sé slíkt viðeigandi. Hann sér einnig til þess að stólar og borð séu til reiðu á þeim stað þar sem undirritun fer fram. Flaggað skal fánum allra aðila sé því viðkomið.

Á dagskrá eru eftirtalin erindi:

- Umhverfis- og auðlindaráðherra eða fulltrúi hans heldur ræðu
- Fulltrúi Umhverfisstofnunar heldur ræðu
- Fulltrúi sveitarfélags heldur ræðu.
- Landeigandi heldur ræðu ef vill



- Fulltrúar sveitarfélags og landeigenda undirrita yfirlýsingar. Tveir vottar þurfa að vera að undirskriftum
- Ráðherra undirrita friðlýsingarskilmála
- Sé gerður umsjónarsamningur, er hann undirritaður af umsjónaraðila, fulltrúa Umhverfisstofnunar og staðfestur af ráðherra
- Veitingar bornar fram
- Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að frágangur eftir athöfn sé til fyrirmyndar.

## 6. Að lokinni athöfn

Ábyrgðarmaður máls gengur frá eftirfarandi gögnum sem hér segir:

- Yfirlýsingum landeigenda og sveitarfélags til skjalavarðar og ritara Umhverfisstofnunar
- Skjalavörður vistar gögnin í skjalasafni og í GoPro
- Ritari sendir yfirlýsingar í þinglýsingu
- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti sér um að friðlýsingin sjálf sé þinglýst og birt í Stjórnartíðindum B
- Friðlýsingarmál er sett á bið í GoPro
- Friðlýsingarmáli lokað í GoPro þegar auglýsing hefur birst í Stjórnartíðindum B.

Ábyrgðaraðilar eftirfarandi gagna og samninga eru:

- Auglýsing og kort (ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti)
- Yfirlýsing landeiganda og sveitarfélags í þríriti, þar af eitt eintak af hvoru á þinglýsingarpappír (ábyrgðaraðili: Umhverfisstofnun)
- Umsjónarsamningur, sé hann gerður, í þríriti, þar af eitt eintak á þinglýsingarpappír (ábyrgðaraðili: Umhverfisstofnun).

Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga:

- Allar blaðsíður eiga að vera með númer (t.d.: 1 af 5, 2 af 5, ...)
- Aðeins skal prentað á aðra hlið blaðsíðu
- Undirskriftir skulu vera með lituðum penna (ekki svörtum)
- Upphafsstafir allra skulu vera í neðra, hægra horni á öllum blaðsíðum nema þar sem formleg undirskrift er
- Tveir vottar skulu vera að undirritun á yfirlýsingum landeigenda og sveitarfélags og umsjónarsamningum.

## Endurskoðun eldri friðlýsinga

Sú staða getur komið upp að endurskoða þarf friðlýsingarskilmála friðlýsts svæðis. Þetta getur gerst ef skilmálar eru ónákvæmir eða forsendur hafa breyst, til dæmis vegna breytinga á lífríki eða vegna aukinnar þekkingar á svæðinu. Einnig þarf stundum að breyta friðlýsingarmörkum svæða, t.d. til að jaðarsvæði sem eru mikilvæg fyrir verndargildi friðlýsts svæðis hljóti vernd. Dæmi um slíkt er þegar mörk á fossum eru stækkuð svo að verndunin nái einnig til vatnasviðs þeirra. Annað dæmi er t.d. þegar firðir eru friðlýstir út í haf svo að vistkerfi þeirra sé verndað í heild sinni.



Með því að beita vistkerfisnálgun við endurskoðun eldri friðlýsinga er hægt að stuðla betur að því að verndargildi svæða viðhaldist. Vistkerfisnálgun er skilgreind í alþjóðlega samningnum um líffræðilega fjölbreytni (CBD) sem aðferð til að stjórna á heildstæðan hátt landi, vatni og öðrum lifandi auðlindum og í senn stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu þeirra. Vistkerfisnálgun snýst um að viðhalda heild og virkni vistkerfa og koma þannig í veg fyrir óafturkræfar afleiðingar. Undirstaða vistkerfisnálgunar er góð vísindaleg þekking á ferlum, virkni og samspili lífvera og umhverfis.<sup>2</sup>

Þegar hugað er að endurskoðun eldri friðlýsinga er mikilvægt að gera það með vistkerfisnálgun í huga þannig að verndun svæða sé sem markvissust. Við endurskoðanir skal verndargildi hvers svæðis metið, skilmálar skulu settir fram á skýran hátt og umgengisreglur útlistaðar.

Verkferill vegna endurskoðunar á friðlýsingu er sá sami og við friðlýsingar almennt, sjá kaflann *Undirbúningur friðlýsingar*.

---

<sup>2</sup> Sjá frekari upplýsingar hér:

<https://www.cbd.int/ecosystem/>

[http://ecosystemsknowledge.net/ecosystem\\_approach](http://ecosystemsknowledge.net/ecosystem_approach)

[http://www.parliament.uk/documents/post/postpn\\_377-ecosystem-approach.pdf](http://www.parliament.uk/documents/post/postpn_377-ecosystem-approach.pdf)



## Stjórnunar- og verndaráætlanir

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á því að gera stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir öll friðlýst svæði í umsjón stofnunarinnar. Umhverfisstofnun vinnur forgangsröðun fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlana sem gefin er út á heimasíðu stofnunarinnar annað hvert ár. Nánar hér: <http://ust.is/einstaklingar/nattura/forgangsrodun-aaetlana/>

Stjórnunar- og verndaráætlanir eru unnar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, 13. gr. og 81. gr. Slík áætlun er unnin fyrir hvert og eitt friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar og fyrir hvert nýtt svæði sem er friðlýst. Stefnan er að stjórnunar- og verndaráætlanir séu hnit- og aðgerðarmiðaðar og skulu þær gilda í 10 ár frá útgáfu. Með stjórnunar- og verndaráætlun fylgi aðgerðaráætlun til fimm ára. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal meðal annars fjalla um:

- ✓ Landnýtingu
- ✓ Landvörslu
- ✓ Vöktun
- ✓ Uppbyggingu
- ✓ Fræðslu og miðlun upplýsinga
- ✓ Verndaraðgerðir
- ✓ Aðgengi ferðamanna, þ.á.m. fatlaðs fólks

Heimilt er að setja í stjórnunar- og verndaráætlun sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði, ásamt reglum um önnur atriði er greinir í IV kafla laga 60/2013 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um almannarétt, útivist og umgengni. Í kafla 4.3. er fjallað nánar um efnisyfirlit og efnistöð stjórnunar- og verndaráætlana.

Útgefnar stjórnunar- og verndaráætlanir má sjá hér: <http://ust.is/umhverfisstofnun/utgefid-efni/verndaraaetlanir/>

Stjórnunar- og verndaráætlanir í vinnslu má sjá hér: <http://ust.is/einstaklingar/nattura/verndaraaetlanir-i-vinnslu/>

## Verkferill fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlana

Hér að neðan er vinnulýsing um gerð stjórnunar- og verndaráætlana, sem sett er fram til að tryggja góð, vönduð og samræmd vinnubrögð og að vinnuferlið sé í samræmi við lög. Vinnuferlið skal vera skýrt, gagnsætt og allir þættir verkefnisins skilgreindir með skýrum hætti.

### Almennt um verkefnið:

**a)** Ákvörðun um hvaða stjórnunar- og verndaráætlun skal vinna er tekin í samræmi við [forgangsröðun stjórnunar- og verndaráætlana](#) sem unnin er af friðlýsingateymi og uppfærð á tveggja ára fresti. Sé nýtt svæði friðlýst fer það fram fyrir forgangsröðun en samkvæmt 1. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar.

**b)** Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana skal skýrslan Stjórnun friðlýstra náttúruminja í umsjón Umhverfisstofnunar höfð til hliðsjónar.

c) Stjórnunar- og verndaráætlanir Umhverfisstofnunar eru skýrar, hnitmiðaðar og aðgerðamiðaðar. Sé þörf á nánari umfjöllun um tiltekin atriði skal hún birt á síðu friðlýsta svæðisins á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

d) Stjórnunar- og verndaráætlanir skulu unnar í samstarfi við eigendur lands, viðkomandi sveitastjórnir, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Teymisstjóri upplýsir Náttúrufræðistofnun Íslands í upphafi árs um þær áætlanir sem fyrirhugað er að vinna á árinu.

## Verkferill

### 1. Samstarfshópur stofnaður

Stofnaður er samstarfshópur um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar þar sem í eiga sæti eigendur svæðisins og fulltrúi viðkomandi sveitarstjórnar. Sé íslenska ríkið eigandi lands skulu Ríkiseignir vera upplýstar á sama hátt og samráðsaðilar. Heimilt er að aðrir eigi sæti í samstarfshópnum eftir atvikum og eftir því sem þurfa þykir. Að jafnaði skal eiga sæti í hópnum einn starfsmaður friðlýsingateymis og einn starfsmaður náttúrusvæðateymis. Starfsmaður Umhverfisstofnunar skal vera formaður samstarfshópsins. Miðað skal við að fulltrúar í samstarfshóp séu ekki fleiri en 5 að jafnaði en þó geta aðstæður gert það að verkum að fjöldinn sé meiri en 5 manns.

### 2. Fyrsti fundur

Á fyrsta fundi samstarfshóps er unnin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun. Í verk- og tímaáætlun er eftirfarandi tilgreint að lágmarki:

- Almenn um verkefnið og forsendur þess
- Tímarammi verkefnis og einstakra áfanga þess
- Áfangaskipting verkefnis og skilgreind afurð hvers áfanga
- Kynningar og athugasemdaferli
- Áætlaður útgáfutími stjórnunar- og verndaráætlunar
- Í samráðsáætlun skal eftirfarandi tilgreint að lágmarki:
- Tilgangur og markmið samráðs.

Hverjir eru samráðsaðilar (og þar með hagsmunaaðilar). Sjá lista meðfylgjandi skjalinu sem hafður skal til hliðsjónar þegar samráðs/hagsmunaaðilar eru greindir.

- Hlutverk samráðsaðila
- Fyrirkomulag samráðs
- Tímasetning samráðs
- Upplýsingar um almennt kynninga- og athugasemdaferli

### 3. Stofnað svæði á heimasíðu

Þegar verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun hafa verið samþykktar af samstarfshóp óskar ábyrgðarmaður máls eftir að starfsmaður upplýsingateymis setji upp síðu á heimasíðu Umhverfisstofnunar fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Á síðunni skulu koma fram

upplýsingar um svæðið í stuttu máli og hvers vegna það er friðlýst, hverjir eiga sæti í samstarfshóp og tenglar á verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun. Þá skal einnig koma fram hver er ábyrgur fyrir vinnunni fyrir hönd Umhverfisstofnunar og upplýsingar um netfang viðkomandi og síma Umhverfisstofnunar.


#### 4. Samráðsaðilar upplýstir um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar

Þegar verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun hafa verið samþykktar eru samráðsaðilar upplýstir um að vinnuferlið sé hafið, hver sé tilgangur með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og bent á svæðið sem sett var upp á heimasíðu Umhverfisstofnunar í lið 3. Þá skal jafnframt upplýsa um hvenær formlegt kynningarferli hefst og hvenær gert er ráð fyrir að lokaútgáfa verði tilbúin. Upplýst skal um tilvist handbókar *Stjórnun friðlýstra náttúruminja í umsjón Umhverfisstofnunar* og hvar hana er að finna. Þá skulu samráðsaðilar hvattir til að kynna sér vinnu við gerð áætlunarinnar og bent á að ábendingum og athugasemdum sem nýtast munu við gerð hennar er fagnað. Jafnframt skal óskað eftir því við stofnanir og rannsóknaraðila að þeir upplýsi um það ef þeir hafa undir höndum gögn sem nýtast geta við gerð áætlunarinnar.

#### 5. Vinnsla áætlunarinnar

Ábyrgðarmaður máls aflar gagna. Farið yfir fyrirbyggjandi upplýsingar, þær greindar þar sem áhersla er lögð á að greina aðalatriðin. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er stuðst við þær upplýsingar sem þegar eru til og/eða útvega má með auðveldum hætti.

Efnisatriði og umfjöllunarefni stjórnunar- og verndaráætlana skal aðlagð að hverju svæði fyrir sig. Yfirkaflar skulu að jafnaði vera þrír: Inngangur; Lýsing á svæðinu og Markmið, stefna og leiðir. Dæmi um efnisyfirlit er meðfylgjandi verklaginu, en hafa ber í huga að efnistösk skulu aðlöguð að hverju svæði fyrir sig. Þegar um er að ræða fólkvanga ber þriðji kafla heitið Markmið og stefna, en óskað skal eftir því



við sveitarfélag að unnin verði aðgerðaáætlun vegna fólkvangsins og skal vísað til hennar í stjórnunar- og verndaráætlun. Ástæða þessa er að sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri fólkvanga. Samstarfshópurinn skiptir með sér verkum við skrif áætlunarinnar, en ritstjórn er í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar.

## 6. Afgreiðslufundir

Þegar fyrir liggja drög að stjórnunar- og verndaráætlun sem samþykkt hafa verið af samstarfshópi um gerð áætlunarinnar er málið sett á dagskrá afgreiðslufundar sviðs samþættingar. Þeir sem boðaðir eru á fundinn eru sviðsstjórar sviðs samþættingar og sviðs náttúru, teymisstjórar friðlýsinga- og náttúrusvæðateyma, starfsmaður náttúrusvæðateymis sem hefur umsjón með svæðinu og ábyrgðarmaður stjórnunar- og verndaráætlunar. Á afgreiðslufundinum er áætlunin lögð fram til samþykktar fyrir almennt kynningarferli. Að loknum afgreiðslufundi eru gerðar lagfæringar á stjórnunar- og verndaráætlun í samræmi við niðurstöðu afgreiðslufundar. Ábyrgðarmaður áætlunarinnar kynnir niðurstöðu fundarins fyrir samstarfshópi. Samþykki samstarfshópur ekki breytingartillögurnar skal hann vinna nýjar tillögur sem eru síðan lagðar fyrir afgreiðslufund. Þegar samþykki afgreiðslufundar og samstarfshóps liggja fyrir er stjórnunar- og verndaráætlunin auglýst í opnu kynningarferli.

## 7. Kynningarferli

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun eru lögð fram til kynningar þar sem allir geta lagt fram ábendingar eða athugasemdir. Sett er upp svæði á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem drögin eru lögð fram, vinnuferlið kynnt og svæði til að senda athugasemdir. Drögin skulu líka auglýst á heimasíðu sveitarfélags sé þess kostur og í fjölmiðlum, sé þess talin þörf. Hagsmunaaðilum er sent bréf þar sem vakin er athygli á kynningarferlinu, auk þess sem sett er frétt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og þá miðla sem stofnunin notar hverju sinni. Metið er hverju sinni hvort auglýsa skuli í staðarblaði. Auglýsingaferlið skal standa í sex vikur.

## 8. Unnið úr athugasemdum

Að loknum auglýsingatíma vinnur samstarfshópur úr athugasemdum hafi einhverjar borist. Öllum athugasemdum skal svarað, ýmist með bréfi eða greinargerð.

## 9. Afgreiðslufundur

Þegar lokaskjal liggur fyrir skal það tekið fyrir á afgreiðslufundi með sömu formerkjum og lýst er í lið 8, en auk þess skal forstjóri boðaður á fundinn.

## 10. Send umhverfis- og auðlindaráðuneyti til samþykktar

Þegar stjórnunar- og verndaráætlun hefur verið samþykkt á afgreiðslufundi er hún undirrituð af forstjóra Umhverfisstofnunar og ábyrgðarmanni máls. Áætlunin er því næst send ráðherra til staðfestingar. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ber ábyrgð á að staðfesting og gildistaka áætlunarinnar sé auglýst í Stjórnartíðindum B.

## 10. Frágangur

Þegar stjórnunar- og verndaráætlun hefur verið staðfest af ráðherra ber ábyrgðarmaður máls ábyrgð á því að undirritað eintak berist skjalaverði. Þá óskar ábyrgðarmaður máls eftir því við umsjónarmann heimasíðu að áætlunin sé birt á heimasíðu ásamt viðbótargögnum sem aflað var við undirbúning að gerð áætlunarinnar ef einhver eru. Þá er einnig sett frétt á heimasíðu Umhverfisstofnunar um að gefin hafi verið út stjórnunar- og verndaráætlun.

## Listi yfir mögulega samráðsaðila, aðlagð að hverju tilfelli fyrir sig:

- |                                   |                         |
|-----------------------------------|-------------------------|
| ✓ Minjastofnun                    | ✓ Skógrækt              |
| ✓ Náttúrufræðistofnun Íslands     | ✓ Landgræðslan          |
| ✓ Náttúrustofur                   | ✓ Skotvís               |
| ✓ Náttúrufræðistofa Kópavogs      | ✓ Útivistarfélag        |
| ✓ Vatnajökulspjóðgarður           | ✓ Ferðaskipuleggjendur  |
| ✓ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | ✓ Náttúruverndarsamtök  |
| ✓ Hafrannsóknarstofnun            | ✓ Ferðamálasamtök       |
| ✓ Vegagerðin                      | ✓ Flugmálafélag Íslands |
| ✓ Samgöngustofa                   |                         |

Náttúrufræðistofnun sér um gerð vöktunaráætlunar fyrir hvert friðlýst svæði og skal hún fylgja stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Náttúrufræðistofnun hefur markað stefnu við gerð vöktunaráætlanna fyrir árið 2017. Staðlaður texti um vöktunaráætlanir fyrir stjórnunar- og verndaráætlanir er á Sharepointsíðu friðlýsingateymi.

Minjastofnun starfar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýstar og aðrar friðaðar menningarminjar eru í umsjón Minjastofnunar og ber að hafa það í huga þegar mörkuð er framtíðarstefna innan friðlýstra svæða eða stefnt að framkvæmdum innan þeirra.

Minjastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands eru jafnan umsagnaraðilar stjórnunar- og verndaráætlana.

## Efnisyfirlit og sniðmát fyrir stjórnunar- og verndaráætlanir

Stjórnunar- og verndaráætlunum er jafnan skipt upp í þrjá meginkafla. Meginreglan er sú að í 1. kafla er að finna yfirlit yfir lagalegan og stjónsýslulegan ramma svæðisins, eignarhald, verndun þess og ákvæði. Í 2. kafla koma fram bakgrunnsupplýsingar fyrir svæðið og í 3. kafla er að finna stefnumótun, markmið og aðgerðir næstu ára.

Unnið hefur verið sniðmát fyrir stjórnunar- og verndaráætlanir Umhverfisstofnunar. Sniðmátið má finna á [Sharepoint>friðlýsingarteymi>05 stjórnunar- og verndaráætlanir](#) og heitir skjalið SNIÐMÁT\_stjórnunar og verndaráætlun. Í sniðmáti má finna skipanir fyrir allar helstu fyrirsagnir, myndastærðir og textasnið sem notað er í stjórnunar- og verndaráætlunum. Tryggir þetta samræmi í uppsetningu áætlana. Í sniðmáti er einnig sett fram efnisyfirlit yfir helstu þætti sem fram þurfa að koma í stjórnunar- og verndaráætlunum.

Staðfæra þarf þó kaflaskiptingu að hverju svæði fyrir sig. Hér að neðan má sjá dæmi um efnisyfirlit stjórnunar- og verndaráætlana:

## **1. Inngangur**

- 1.1. Leiðarljós og markmið
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi svæðisins

## **2. Lýsing á svæðinu**

- 2.1. Mörk svæðisins
  - 2.1.1. Tengsl við grannsvæði
- 2.2. Náttúruminjar
  - 2.2.1. Jarðminjar
  - 2.2.2. Gróður
  - 2.2.3. Dýralíf
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun
  - 2.4.1. Æðarvarp
  - 2.4.2. Grastekja
  - 2.4.3. Skógrækt
  - 2.4.4. Veiðar
  - 2.4.5. Sauðfjárbreit
  - 2.4.6. Kvikmyndataka og ljósmyndun
  - 2.4.7. Ferðapjónusta og útivist
- 2.5. Aðgengi
- 2.6. Innviðir og mannvirki
  - 2.6.1. Landvarsla
  - 2.6.2. Byggingar
  - 2.6.3. Vegir og vegslóðar
  - 2.6.4. Stígar og gönguleiðir
  - 2.6.5. Reiðleiðir
  - 2.6.6. Skilti
  - 2.6.7. Sorp og sorpflokkun
- 2.7. Öryggismál
- 2.8. Fræðsla og kynning
- 2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför
- 2.10. Rannsóknir og vöktun

## **3. Markmið, stefna og leiðir**

- 3.1. Svæðisskipting
  - 3.1.1. Tengsl við grannsvæði
- 3.2. Náttúruminjar
  - 3.2.1. Jarðminjar

- 3.2.2. Gróður
- 3.2.3. Dýralíf
- 3.3. Menningarminjar
- 3.4. Landnotkun
  - 3.4.1. Æðarvarp
  - 3.4.2. Grastekja
  - 3.4.3. Skógrækt
  - 3.4.4. Veiðar
  - 3.4.5. Sauðfjárbreit
  - 3.4.6. Kvikmyndataka og ljósmyndun
  - 3.4.7. Ferðapjónusta og útivist
- 3.5. Aðgengi
- 3.6. Innviðir og mannvirki
  - 3.6.1 Landvarsla
  - 3.6.2. Byggingar
  - 3.6.3. Vegir, slóðar og bílastæði
  - 3.6.4. Stígar og gönguleiðir
  - 3.6.5. Reiðleiðir
  - 3.6.6. Skilti
  - 3.6.7. Sorp og sorpflokkun
- 3.7. Öryggismál
- 3.8. Fræðsla og kynning
- 3.9. Mönnuð og ómönnuð loftför
- 3.10. Rannsóknir og vöktun

Vinna skal áætlanir í sniðmáti til að gætt sé samræmis í uppsetningu og efnistöðum áætlana.

## Gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir fólkvangar

Verkferillinn er að miklu leyti hinn sami fyrir fólkvangar og önnur friðlýst svæði, þó með undantekningum. Þar sem fólkvangar eru í umsjón sveitarfélaga eru aðgerðir á ábyrgð þeirra. Þess er óskað að sveitarfélögin setji saman aðgerðaáætlun sem lögð er fram samhliða stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Þriðji kafli stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvang mun heita *Markmið og stefna* en ekki *Markmið, stefna og leiðir*, líkt og í áætlunum annarra svæða. Í honum er aðeins framsetning á stefnumótun svæðisins en engar aðgerðir. Þess í stað er vísað í aðgerðaráætlun sveitarfélagsins.

## Leiðbeiningar um svæðisskiptingar/zoning (IUCN)

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er hægt að svæðisskipta friðlýstum svæðum og þannig skilgreina betur með hvaða hætti á að stjórna og vernda tiltekna hluta svæðisins. Innan eins friðlýsts svæðis getur verið um margs konar landnýtingu að ræða ásamt því að verndargildi svæða getur verið fjölbreytt og ákjósanlegar verndarráðstafanir misjafnar eftir

aðstæðum. Svæðisskipting býður því upp á möguleika til betri og hintmiðaðri stjórnunar. Þá gerir svæðisskiptingin það að verkum að hægt er að setja sérreglur sem gilda aðeins á afmörkuðum hluta friðlýsts svæðis, þar sem slíkar reglur eiga við.

### **Gott er að hafa eftirtalda þætti til hliðsjónar við vinnu við svæðisskiptingu:<sup>3</sup>**

- Hafa mismunandi hlutar hins friðlýsta svæðis mismunandi verndargildi?
- Er svæðið að hluta til mjög viðkvæmt, t.d. vegna lífríkis/búsvæði tegunda, varpugla, er þar selalátur, fellisvæði, burðarsvæði hreindýra t.d.?
- Þarf að huga að mismunandi stýringu innan svæðisins, t.d.:
  - Viðkvæm svæði þar sem ekki er æskilegt að beina umferð fólks, eða þar sem einhverjar takmarkanir eru á umferð til verndunar búsvæða, viðkvæmra jarðminja eða gróðurs t.d.
  - Svæði þar sem umferð skal beint sérstaklega og þar sem þegar eru innviðir eða þar sem gert er ráð fyrir frekari innviðauppbyggingu.
  - Svæði sem eru hættuleg og þar sem þarf að stýra umferð vegna öryggissjónarmiða.
- Við svæðisskiptingu þarf að huga að framtíðarsýn svæðisins og skal tekið mið af því hvar er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu, hvar er ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu, o.s.frv
- Huga þarf að mismunandi landnýtingu innan svæðisins, t.d. hvort um sé að ræða landbúnaðarsvæði, þéttbýli eða svæði þar sem enn eru hefðbundnar nytjar á borð við dúntekju eða berjatínslu.

## **Aðrar skipulagsáætlanir**

### **Landsskipulagsstefna**

Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands.

Samkvæmt reglugerð um landsskipulagsstefnu skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Í stefnunni er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.

<sup>3</sup> Sjá itarefni: <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.850.5207&rep=rep1&type=pdf>



- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 felur í sér stefnu um fjögur viðfangsefni:

- [Skipulag á miðhálandi Íslands.](#)
- [Skipulag í dreifbýli.](#)
- [Búsetumynstur og dreifingu byggðar.](#)
- [Skipulag á haf- og strandsvæðum.](#)

Nánar um landsskipulagsstefnu á síðunni: [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is)

## Aðal- og deiliskipulag

Stjórnunar- og verndaráætlanir eiga að styðja við gildandi aðal- og deiliskipulag svæðanna. Sé ekki samræmi á milli ákvæða stjórnunar- og verndaráætlana og skipulaga eru það ákvæði skipulaga sem gilda. Komi upp málefni við gerð stjórnunar- og verndaráætlana sem eru á skjön við gildandi áætlanir sveitafélaga þarf að kanna vilja sveitafélaga til að breyta sínu skipulagi.

Aðal- og deiliskipulög er að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar, <http://skipulag.is> í skipulagsvefsjá og hjá skipulagsfulltrúum sveitarfélaga.

## Kortagerð, landupplýsingar og eignarhald (og utanumhald slíkra upplýsinga)

Landupplýsinga og upplýsinga um þinglýsingu landamerkjia skal leita hjá sýslumanni. Hafi mörkunum ekki verið þinglýst skal það sett sem aðgerð í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins og ber sérfræðingur svæðisins ábyrgð á að það sé gert.

Kortaupplýsingar má finna á eftirtöldum svæðum:

- Kortasjá Landmælinga
- map.is
- Skipulagsstofnun

Sé þörf á að útbúa kort þarf það að liggja fyrir í fjárhagsáætlun teymis. Teymisstjóri sér um að taka saman kortaþörf og senda upplýsingarnar til sviðsstjóra áður en sviðsstjóri vinnur rekstraráætlun ár hvert. Í því skyni að draga úr kostnaði vegna kortagerðar má notast við kortasjá Landmælinga Íslands eða map.is til að teikna upp vinnukort sem síðan er sent Landmælingum, ásamt útskýringum, sem teiknar upp lokakort. Þá má einnig geta þess að sveitarfélög hafa oft tök á því að vinna mjög góð kort og skal sá möguleiki einnig kannaður.

Kort sem gerð eru fyrir friðlýsingateymi eru allra jafna útbúin af Landmælingum. Á þeim skulu vera eftirfarandi atriði:

- ✓ Logo Umhverfisstofnunar
- ✓ Stærð svæðis
- ✓ Öll örnefni sem fram koma í friðlýsingarskilmálum eða stjórnunar- og verndaráætlun.
- ✓ Engin hálf örnefni
- ✓ Ör sem sýnir áttir
- ✓ Innfelt kort af Íslandi sem sýnir staðsetningu svæðisins
- ✓ Mörk annarra friðlýstra svæða í nágrenninu

## Aðrar áætlanir fyrir friðlýst svæði, öryggisáætlun, rekstraráætlun, framkvæmdaáætlun.

**Öryggisáætlun** skal gerð fyrir öll mönnum svæði í umsjón Umhverfisstofnunar og sjá sérfræðingar Umhverfisstofnunar um að gera slíkar áætlanir fyrir þau svæði sem þeir hafa umsjón með. Sniðmát fyrir öryggisáætlun hefur verið gert og er að finna á Sharepoint.

Vinna við að meta þörf á gerð öryggisáætlana fyrir ómönnum svæði er hafin. Í kjölfarið verður þeim svæðum sem talin er þörf á að gera öryggisáætlun fyrir forgangsraðað.

Öryggisáætlanir skulu uppfærðar árlega, áður en landverðir taka til starfa.

**Rekstraráætlun** er á ábyrgð sviðsstjóra en sérfræðingar og teymisstjórar skili inn upplýsingum um sín teymi sem nýst geta við gerð rekstraráætlunar áður en hún hefst.

**Framkvæmdaáætlun** fyrir friðlýst svæði er unnin af náttúrusvæðateymi og er það á ábyrgð sérfræðinga í teyminu að taka saman nauðsynlegar framkvæmdir fyrir sín svæði. Teymisstjóri skal hafa yfirsýn yfir framkvæmdaþörf á friðlýstum svæðum. Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmdaáætlun.

## Flugmálahandbók Isavia

Samgöngustofa og ISAVIA vinna að undirbúningi að birtingu kafla um sérreglur og tilmæli um flug yfir friðlýstum svæðum með viðkvæmu fuglalífi í Flugmálabók AIP. Þar verða birtar þær reglur og þau tilmæli sem gilda varðandi flug yfir þessum svæðum, en þess skal gætt að hafa samráð við Samgöngustofu og ISAVIA áður en slíkar reglur eru settar. Sérreglur geta m.a. falið í sér takmarkanir á flugi á ákveðnum svæðum eða ákveðnum tímum. Auk þess að fjalla um takmarkanir á flugi yfir svæðum sem eru sérstaklega viðkvæm vegna fuglalífs eru sett fram tilmæli um lágmarks flughæð yfir fjölförnum ferðamannastöðum.

Í bókinni verður vísað á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem teknar verða saman allar sérreglur sem gilda varðandi flug yfir friðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar, auk þess sem birt verður kort þar sem auðkennd verða sérstaklega þau friðlýstu svæði sem um gilda hverskonar sérreglur eða tilmæli um flug. Friðlýsingateymi ber ábyrgð á að uppfæra upplýsingar á heimasíðunni.



Stefnt er að því að gerður verði sambærilegur kafli í Flugmálabók AIP varðandi önnur svæði þar sem áhersla er lögð á að gestir svæðis geti notið ósnortinnar náttúru án truflunar vegna loftfara.

## Friðlýsingaskýrsla

Friðlýsingateymi skilar skýrslu um friðlýsingar til umhverfis- og auðlindarráðherra í upphafi hvers árs. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um nýjar friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlanir sem unnar hafa verið á árinu á undan, ásamt endurskoðunum á friðlýsingum og stjórnunar- og verndaráætlunum. Skýrslurnar eru gefnar út á heimasíðu Umhverfisstofnunar og má þær sjá hér: <http://ust.is/umhverfisstofnun/utgefing/efni/fridlysingar/>

## Ástandsskýrsla

Ástandsskýrsla er gerð á ári hverju. Safnað er upplýsingum frá landvörðum, sérfræðingum Umhverfisstofnunar (einkum frá öðrum teyðum en náttúrusvæðateymi), umsjónaraðilum og náttúruverndanefndum. Ástandsskýrsla er uppfærð í FileMaker (svæði heitir NV). Þegar skýrslan liggur fyrir er hún send umhverfis- og auðlindarráðuneyti til kynningar.

Sérstök ástandsgreining ákveðinna landshluta hefur verið unnin síðan árið 2015 og tekur mið af friðlýstum svæðum sem eru ekki með reglulega umsjón. Slík greining var unnin fyrir Suður- og Vesturland árið 2015, Vestfirði og Norðurland eystra og vestra árið 2016. Stefnt er að klára verkefnið og taka út ástand á Austurlandi og Suðvesturlandi snemma sumarið 2017.

## Rauði listinn

Umhverfisstofnun hefur á tveggja ára fresti gefið út svokallaðan rauða lista yfir svæði sem eiga á hættu á að tapa verndargildi sínu. Listinn hefur verið gefinn út síðan 2010. Næsti rauði listi verður byggður á nýrri aðferð og er sú aðferðafræði í þróun.

# Umsjónarsamningar, ráðgjafanefndir og náttúruverndarnefndir sveitafélaga

## Umsjónarsamningar

Samkvæmt 85. gr. náttúruverndarlaga 60/2013 er Umhverfisstofnun heimilt að fela öðrum einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Greinin gildir þó ekki um fólkvanga enda rekstur þeirra á vegum sveitarfélaga.

Gera skal samning um umsjón og rekstur á svæðinu sem um ræðir og staðfestir ráðherra samninginn. Til grundvallar samningnum skal liggja stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Í samningnum skal meðal annars kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku, sbr. 2. mgr. 92. gr náttúruverndarlaga. Samningurinn felur ekki í sér vald til stjórnvaldsákvæðana. Með samningi er heimilt að fela umsjónaraðila eftirlit á umsjónarsvæðinu og er þá í samningnum kveðið á um eftirlitið, valdheimildir og upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónaraðili uppfylli samningskuldbindingar.

Samkvæmt 86. gr. sömu laga er Umhverfisstofnun einnig heimilt að fela öðrum aðilum umsjón og rekstur á gestastofum á náttúruverndarsvæðum. Skal einnig gera sérsamning um slíka umsjón þar sem réttindi og skyldur samningsaðila koma fram og staðfestir ráðherra samninginn. Undanfarin níu ár hafa verið gerðir og undirritaðir umsjónarsamningar fyrir 35 friðlýst svæði. Fjögur þeirra (Dettifoss og fossaröð, Herðubreiðarlindir, Kringilsrárrani og Lónsöræfi) eru með ótímabundinn samning við Vatnajökulspjóðgarð en eitt svæði að auki var innlimað inn í þjóðgarðinn árið 2015.

Af hinum 30 samningum sem hafa verið gerðir eru fimm fyrir fólkvanga, en frá árinu 2015 þegar lög nr. 60/2013 um náttúruvernd tóku gildi eru fólkvangar í umsjón sveitafélaga og verða þessir samningar því ekki endurnýjaðir.

Af eftirstandandi 25 svæðum hafa átta samningar runnið út (2015-2016). Það eru því 17 svæði sem eru með gildandi samning. Ekki hefur verið ákveðið hvort samningarnir átta sem runnið hafa út munu vera endurnýjaðir eða hvort svæðin fari aftur undir umsjón Umhverfisstofnunar. Verði samningar endurnýjaðir mun vera gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið en samkvæmt náttúruverndarlögum skal slík áætlun liggja fyrir áður en gerður er umsjónarsamningur.

### Gildandi umsjónarsamningar:

Friðlýst svæði	Umsjónaraðili
Kaldárhraun, Litluborgir	Hafnarfjörður
Fossvogsbakkar, Háubakkar og Laugarás	Reykjavík
Arnarne- og Hverastrýtur	
Blábjörg í Berufirði	
Gálgahraun, Vífilsstaðavatn, Bringur og Búrfell	Garðabær
Vatnshornsskógur	Skógrækt Reykjavíkur
Kalmannshellir	
Skerjafjörður	Garðabær og Kópavogur
Bringur	Mosfellsbær (og Garðabær)

Teymisstjóri náttúrusvæðateymis ber ábyrgð á gerð forgangsröðunar fyrir umsjónarsamninga og vinnur hana í samvinnu við sérfræðinga teymisins.

## Hlutverk náttúruverndarnefnda

Náttúruverndarnefndir starfa á vegum sveitarfélaga og skal sveitarstjórn kjósa í nefndina á fjögurra ára fresti og tilnefna formann. Skal tilkynna Umhverfisstofnun um kjör í nefndir eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hlutverk náttúruverndarnefnda er að vera sveitarstjórnnum ráðgjafandi varðandi náttúruverndarmál, stuðla að náttúruvernd á sínum svæðum og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun veitir náttúruverndarnefndum ráðgjöf, óski þær eftir henni. Í lok hvers árs senda náttúruverndarnefndir Umhverfisstofnun skýrslu um störf sín á árinu. Teymisstjóri náttúrusvæðateymis er ábyrgur fyrir móttöku gagnanna en getur falið öðrum starfsmanni náttúrusvæðateymis að halda utan um gagnaskilin. Gögnunum skal skilað fyrir árlegan fund en skv. náttúruverndarlögum skulu Umhverfisstofnun, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn náttúrustofa funda að minnsta kosti einu sinni á ári. Sá fundur er yfirleitt haldinn samhliða ársfundi umsjónaraðila friðlýstra svæða. Nánar er kveðið um náttúruverndarnefndir sveitarfélaga í 14. gr. laga um náttúruvernd.

## Ársfundir náttúruverndarnefnda og umsjónaraðila.

Samkvæmt 14. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd skulu Umhverfisstofnun, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn náttúrustofa funda árlega. Sá háttur hefur verið hafður á að halda fundinn annan fimmtudag í nóvember ár hvert, degi á undan fundi með umsjónaraðilum friðlýstra svæða.

Sú hefð hefur skapast að ársfundur náttúruverndarnefnda friðlýstra svæði hefur verið haldinn annað hvert ár á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess og hitt árið úti á landi. Sveitarfélög hafa ýmist boðist til að halda fundinn eða Umhverfisstofnun leitað eftir því. Hlutverk sveitarfélagsins er að vera gestgjafi og útvegar sveitarfélagið fundarsal, býður í skoðunarferð eða annað sem er við hæfi, útvegar kaffi og hádegismat, en fundarmenn greiða fyrir hádegismatinn sjálfir. Umhverfisstofnun greiðir hádegismat fyrir starfsmenn stofnunarinnar og fyrirlesara.

Eftirfarandi eru vinnupunktur sem huga þarf að í undirbúningi fundarins, á fundinum og eftir fundinn:

### Undirbúningur:

- ✓ Þema er ákveðið í samráði við forstjóra og sviðsstjóra sviðs samþættingar og náttúru
- ✓ Gera skal tillögu að dagskrá sem borin er undir forstjóra og sviðsstjóra. Hafa þarf í huga að hafa dagskrána vel rúma (ef erindi eiga að vera 10 mín, þarf að gefa þeim 15 mín. rými). Þá þarf að vera nægur tími fyrir umræður og fyrirspurnir og matartíma. Eftir ársfundinn árið 2016 voru umræður um hvort að skipta ætti upp í

tvær vinnulotur þar sem lögð væri meiri áherslu á samtal og samræður og eiginlegum fyrirlestrum fækkað

- ✓ Rætt skal við fyrirlesara að fengnu samþykki forstjóra og sviðsstjóra.
- ✓ Hið minnsta mánuði fyrir fundinn skal senda út bréf þar sem óskað er eftir að dagurinn verði tekinn frá og eins mikið af upplýsingum og liggja fyrir á þeim tímamarki eru sendar út á fundargesti
- ✓ Að loknum ársfundi 2016 var gerð tillaga um að útsending á fundarboði og gögnum skuli vera eftirfarandi: *Friðlýsingateymi leggur til að fundarboð verði sent út með þeim hætti að gerð verði greining á því hvaða sveitarfélög/aðilar fá boð á báða fundi [Ársfund Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa og ársfund umsjónaraðila friðlýstra svæða] og hvaða sveitarfélög/aðilar aðeins á annan. Sent verði fundarboð á netfang sveitarfélags og óskað eftir að fundarboðinu verði komið áfram til þeirra sem sæti eiga í náttúruverndarnefndum, eða þeim nefndum sem gegna hlutverki þeirra. Einnig verði fundarboðið sent á starfsmenn sveitarfélaga sem sinna umhverfismálum séu þeir til staðar*
- ✓ Fyrir fund með umsjónaraðilum skal senda út boð á umsjónaraðila friðlýstra svæða. Það geta verið stofnanir, sveitarfélög og einkaaðilar
- ✓ Tveimur vikum fyrir fundinn skal senda út dagskrá fundarins og tengil á rafrænt skráningarblað sem er útbúið í samvinnu við ritara forstjóra
- ✓ Skráningar: Með rafrænni skráningu er haldið utan um skráningar í excel skjali. Á skráningarblaðinu þarf að koma fram nafn fundarmanns, hvaðan hann kemur (sveitarfélag eða annað), netfang, skráning í mat og hvort að viðkomandi greiðir með millifærslu eða fær sendan reikning
- ✓ Þegar skráningu er lokið skal óska eftir því við ritara forstjóra að prentuð verði út nafnspjöld fyrir fundarmenn
- ✓ Fyrir fundinn skal haft samráð við upplýsingafulltrúa og hann upplýstur og óskað eftir kynningarefni til að hafa með á fundinn sé eitthvað sem upplýsingafulltrúi vill koma á framfæri
- ✓ Undirbúa þarf umræður og tilnefna ritara úr röðum Umhverfisstofnunar sem sjá um að taka saman niðurstöður umræðna og koma þeim til þess sem sér um að taka niðurstöður allra hópa saman
- ✓ Samskipti við fyrirlesara: Sjá til þess að þeir séu vel upplýstir um staðsetningu og tímasetningu fundar. Þegar óskað hefur verið eftir greiðslu ferðakostnaðar hefur það verið metið af sviðsstjóra í hvert skipti fyrir sig
- ✓ Þar sem fundurinn er ekki opinn öllum er hann ekki auglýstur á heimasíðu Umhverfisstofnunar
- ✓ Ákveðið hefur verið að gera tilraun með útsendingu á erindum á ársfundi árið 2017, en það hefur ekki verið gert áður.

Á fundinum:

- ✓ Hafa meðferðis kynningarbæklinga, nafnspjöld, penna, rollups og fleira ef er tiltækt

- ✓ Sjá til þess að það séu teknar myndir
- ✓ Sjá um fundarstjórn.

Eftir fundinn:

- ✓ Fá leyfi hjá fyrirlesurum til að birta fyrirlestra á heimasíðu Umhverfisstofnunar
- ✓ Taka saman niðurstöður umræðna til birtingar og útsendingar
- ✓ Búa til efni á heimasíðu og óska eftir að upplýsingateymi setji upplýsingarnar á heimasíðu fundarins:  
<http://ust.is/atvinnulif/sveitarfelag/natturuverndarnefndir/arsfundir/>
- ✓ Senda upplýsingar um heimasíðuna í tölvupósti til allra fundarmanna og allra sem fundarboðið fengu.

## Ráðgjafarnefndir fyrir friðlýst svæði

Sé þess getið í auglýsingu fyrir friðlýst svæði að starfrækt skuli ráðgefandi nefnd fyrir svæðið skal Umhverfisstofnun skipa hana. Alla jafna ber að skipa í nefndirnar að loknum sveitarstjórnarkosningum, séu fulltrúar sveitarstjórna í nefndunum. Forstjóri (í samráði við sviðsstjóra sviðs náttúru) sendir beiðni á fagritara um að senda bréf á þá aðila sem sæti eiga í ráðgjafarnefndum um að skipa þurfi að nýju í nefndina. Sérfræðingar/Þjóðgarðsvörður náttúrusvæðateymis skulu ganga úr skugga um að skipað hafi verið í nefndir á svæðum í þeirra umsjón, ekki seinna en þremur mánuðum eftir kosningar.

## Nefndir og ráð sem meðlimir náttúrusvæðateymis eiga sæti í

René Biasone	Umsjónarnefnd um friðlandið Hólmanes
René Biasone	Umsjónarnefnd um Lónsöræfi
René Biasone ( <b>Á eftir að fá skipunarbréf</b> )	Fagråd Náttúruminjaskrár
René Biasone ( <b>Sviðsstjóri situr í nefnd</b> )	Friðlandið Teigarhorn RB með eftir þörfum
Davíð Örvar Hansson	Ráðgjafanefnd um Arnarnesstrýtur
Davíð Örvar Hansson	Umsjónarnefnd um Hraun í Öxnadal
Davíð Örvar Hansson	Samráðsnefnd um hverastrýtur á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum
Davíð Örvar Hansson	Umsjónarnefnd fyrir Friðlandið Svarfaðardalur – formaður
Davíð Örvar Hansson	Ráðgjafanefnd um Böggvistaðafjall
Davíð Örvar Hansson	Ráðgjafanefnd um friðlýst svæði í Mývatnssveit
Hákon Ásgeirsson ( <b>tilheyir friðlýsingateymi</b> )	Starfshópur um framtíðarskipulag Látrabjargs og nágrennis
Hákon Ásgeirsson ( <b>tilheyir friðlýsingateymi</b> )	Ráðgjafanefnd um gerð verndaráætlunar fyrir Látrabjarg, formaður.
Jón Smári Jónsson	Ráðgefandi nefnd um friðlandið á Hornströndum – formaður
Jón Björnsson	Ráðgjafanefnd fyrir Friðland að Fjallabaki - formaður



Jón Smári Jónsson

Ráðgefandi nefnd um friðlandið Guðlaugs- og Álfgeirstungur - formaður

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Surtseyjarnefnd - Ráðgjafanefnd um friðlandið

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Ráðgjafanefnd um Herdísarvík

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir (tilheyrir Veiðiteymi)

Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Áheyrnafulltrúi í Stjórn Reykjanesfólkvangs (René leysir af)

**Eftir að skipa**

Ráðgjafanefnd Þjórsárver

Krístin Linda en Þjóðgarðsvörður er ritari

Ráðgjafanefnd Þjóðgarður Sæfellsjökull

**Eftir að skipa**

Umsjónarnefnd Grunnafjarðar

**Eftir að skipa**

Ráðgjafanefnd Ingólfshöfði

Ráðgjafanefnd Dyrhóleyjar (ekki lögbundin)

## Alþjóðastarf náttúrusvæðateymis

Tengiliður	Samstarf/samningur	Verkefni, eðli starfs
<b>Hákon Ásgeirsson</b>	Europarc Federation	Alþjóðasamtök friðlýstra svæða
<b>René Biasone</b>	Starfshópur „Enviroment and Tourism“.	Workshop hjá Umhverfisstofun Evrópu - EEAA



## Friðlýst svæði

Alls eru 114 friðlýst svæði á Íslandi árið 2017. Af þeim eru 3 þjóðgarðar, 41 náttúruvætti, 41 friðlönd, 4 friðlýst búsvæði, 25 fólkvangar og 2 svæði vernduð með sérlögum.

Samtals eru friðlýst svæði 20.851,7 km<sup>2</sup> en Vatnajökull nær yfir ríflega helming þess landsvæðis eða 13.952 km<sup>2</sup>. Glerárdalur var friðlýstur sem fólkvangur 2016 og er því nýjasta svæðið sem er friðlýst. Umhverfisstofnun fer með umsjón 111 af 114 friðlýstum svæðum landsins en getur falið öðrum umsjónina og gerir þá umsjónarsamning (sjá nánar í kafla um umsjónarsamninga). Þess ber að geta að Umhverfisstofnun fer með stjórnsýsluvald yfir fólkvöngum en að öðru leyti eru þeir í umsjón sveitarfélaga.

Hagstofan kallar árlega eftir upplýsingum fyrir skýrsluna „Landshagar“ og skilar friðlýsingateymi inn gögnum með yfirliti yfir öll friðlýst svæði á landinu. Gögnin er að finna á [Sharepoint>friðlýsingateymi> 04 friðlýst svæði> fjöldi og flatarmál svæða](#)

Teymisstjóri friðlýsingateymis ber ábyrgð á því að göngin séu uppfærð í hvert sinn sem friðlýstum svæðum fækkar eða fjölga. Árið 2016 var gögnum bæði skilað sem „raunflatarmáli“ og „heildarflatarmáli“. Í heildarflatarmáli svæða eru teknar saman upplýsingar um öll svæði samanlagt en í raunflatarmáli hefur flatarmálið verið leiðrétt þar sem sama svæði er tvítekið í heildarflatarmálinu, t.d. þar sem tvö friðlýst svæði eða tveir friðlýsingaflokkar skarast á sömu spildunni.

## Svæðisumsjón sérfræðinga á sviði náttúru hjá

### Umhverfisstofnun


Í náttúrusvæðateymi starfa 8 sérfræðingar/þjóðgarðsvörður sem sinna friðlýstum svæðum. Á Gullfossi/Geysi og Mývatni/Laxá vinna að auki starfsmenn sem sinna landvörslu í hlutastarfi eða hluta úr ári, utan sumartíma.

#### Verkferlar Náttúrusvæðateymis

Teymisstjóri ber ábyrgð á að þeir verkferlar sem teymið vinnur eftir séu uppfærðir og leiðréttir eftir þörfum. Viðkomandi sviðsstjóri samþykkir breytingar og uppfærir í gæðahandbók í samráði við gæðastjóra.

Eftirfarandi verkferlar eru á ábyrgð náttúrusvæðateymis:

Kafli	Heiti gæðaskjals	Ábyrgð
<b>6. Kafli</b>	LEI – Verkaskipting	René Biasone
<b>6.1. Kafli</b>	VLR - Ábendingar og tilkynningar	René Biasone
<b>7. Kafli</b>	VI - Tilkynningar til lögreglu	René Biasone
<b>16. Kafli</b>	VLR – Sjálfbæðaliðastarf	René Biasone
<b>8. Kafli</b>	VLR - Umsagnir og leyfisveitingar	René Biasone



## Landvarsla og eftirlit

Sumarlandverðir eru ráðnir inn á vorin og sjá sérfræðingar náttúrusvæðateymis, ásamt sviðsstjóra og teymisstjóra, um ráðningarnar. Sérfræðingar sjá einnig um þjálfun sumarstarfsfólks á starfsstöðvum og skipulagningu landvörslu.

Landverðir skulu alla jafna hafa lokið landvarðanámskeiði og hafa gild landvarðaréttindi. Þá skulu þeir sækja fyrstuhjálparnámskeið hjá Umhverfisstofnun í byrjun tímabils, hafi þeir ekki gild skyndihjálparréttindi. Sérfræðingar á sviði náttúru, sem fara með umsjón á friðlýstum svæðum, eiga einnig að vera með gild réttindi.

Í upphafi tímabils skulu landvarðahandbækur uppfærðar fyrir sumarið og skal sérfræðingur hvers svæðis sjá til þess að handbækur séu til fyrir landverði á þeirra svæðum.

Í landvarðahandbókum skal koma fram:

- ✓ Auglýsing hins friðlýsta svæðis
- ✓ Kort af friðlýsingarmörkum
- ✓ Reglugerð 61/1990
- ✓ 88. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd, heimild til að stöðva athafnir og framkvæmdir
- ✓ Verkefnalýsing svæðisins

- ✓ Bakgrunnsupplýsingar um svæðið (dýralíf, plöntur, jarðfræði, ferðmennska og önnur landnýting og þjónusta, rannsóknir o.fl.)
- ✓ Öryggisáætlun
- ✓ Vinnu- og umgengnisreglur
- ✓ Skrá yfir bæklinga, kort og rit sem tilheyra starfsstöðinni.

Landvarðahandbók er í endurskoðun skv. verkefni á ársáætlun 2017 og er á ábyrgð sérfræðings í náttúrusvæðateymi. Einnig er unnið að endurskoðun hlutverka landvarða samkvæmt nýjum náttúruverndarlögum innan teymisins.

## Sjálfbóaliðar

Sjálfbóaliðar vinna við ýmis verkefni á friðlýstum svæðum sem eru í umsjón Umhverfisstofnunar. Sjálfbóaliðaverkefnið, sem nefnist *Iceland conservation Volunteers* og er alla jafna kallað *ICV*, snýst um það að ráða hæfa sjálfbóaliða til að stuðla að náttúruvernd á friðlýstum svæðum. Sjálfbóaliðarnir vinna í liðum (trail teams), jafnan 13 vikur í senn og er hverju liði stjórnad af liðsstjóra sem er sjálfbóaliði sem hefur víðtæka reynslu af sjálfbóaliðastarfi Umhverfisstofnunar. Kröfur eru gerðar til sjálfbóaliða um gott líkamlegt og andlegt atgervi en vinnuaðstæður sjálfbóaliða geta verið mjög erfiðar. Í mörgum tilvikum vinna sjálfbóaliðar Umhverfisstofnunar á svæðum þar sem erfitt er að koma vélknúnum tækjum að vettvangi og notast því að mestu leyti aðeins við handafl og handverkfæri við vinnu sína.

Helstu verkefni sem sjálfbóaliðar Umhverfisstofnunar vinna að snúa að endurheimt landslags og víðernis, upprætingu ágengra tegunda og verndun gróðurs og dýralífs með stýringu gesta á friðlýstum svæðum. Sjálfbóaliðar vinna einnig að sérhæfðri göngustígagerð þar sem leitast er við að nota efni af svæðunum. Göngustígar og dren eru því þannig sniðin þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Sjálfbóaliðarnir fá þjálfun í göngustígagerð í upphafi tímabilsins. Í skiptum fyrir þeirra framlag njóta sjálfbóaliðar Umhverfisstofnunar þess að fá fræðslu og þekkingu um náttúruvernd á Íslandi, sem oft nýtist þeim til framtíðar.

Ásamt erlendum sjálfbóaliðum hafa nemendur við Fjölbrautaskólann í Ármúla og Menntaskólann í Hamrahlíð tekið þátt í sjálfbóaliðastarfi Umhverfisstofnunar og er það stefna stofnunarinnar að auka þátttöku framhaldsskólanema í sjálfbóaliðastarfi í þágu náttúruverndar.

Árið 2016 unnu Sjálfbóaliðar Umhverfisstofnunar samtals 1750 dagsverk eða um 80 verkefni á 29 mismunandi svæðum. Umsjónaraðili sjálfbóaliðastarfs Umhverfisstofnunar er René Biasone.

### Undirbúningur sjálfbóaliðastarfs og ráðningarferli

Í október til nóvember hvert ár ræðir umsjónarmaður sjálfbóaliðastarfs við sérfræðinga og þjóðgarðsverði um árangur verndarráðstafana sumarsins og verkefnaþörf næsta ár.

Stofnanir sem nýta sér liðsauka sjálfbóðaliðastarfsins setja árlega á rekstraráætlun það fjármagn sem skal ráðstafað í sjálfbóðaliðavinnu innan þeirra svæða.

Þegar ástandsgreining svæða liggur fyrir í lok árs er hægt að meta hvaða svæði þurfa á sjálfbóðaliðahópum að halda. Meðal þátta sem auka þörf á liðsauka sjálfbóðaliðanna eru:

- Traðk við gönguleiðir, myndun villustíga út frá gönguleiðum og almennt slæmt ástand á göngustígum.
- Þörf á stikun gönguleiða á afskektum svæðum, sérstaklega þar sem landverðir eru fáir eða ekki til staðar.
- Útbreiðsla ágengra tegunda.
- För í óbyggðum víðernum eftir utanvegaakstur.
- Villustígar í óbyggðum eða á svæðum þar sem viðkvæmt ástand náttúrunnar gerir göngustíga óæskilega.

Á tímabilinu janúar til mars er gróflega ákveðið hvar þurfi aðstoð frá sjálfbóðaliðum. Þá er sett fram skipulag á verkefnum og aðgerðum sumarsins framundan. Skoðað er:

- Hvaða innviði þarf að byggja og viðhalda og á hvaða svæðum.
- Umfang og staðsetning utanvegaakstursfara og villulóða sem á að fjarlægja.
- Umfang verkefna er snúa að upprætingu ágengra tegunda.

Á tímabilinu nóvember til febrúar er Iceland Conservation Volunteer prógrammið auglýst með því að uppfæra texta og myndir á [www.icv.is](http://www.icv.is). Auglýsa skal vefsíðu ICV (sem inniheldur umsóknareyðublað og lýsingu á sjálfbóðaliðastarfinu o.fl.) á vefsíðunum [www.environmentjobs.co.uk](http://www.environmentjobs.co.uk) og [www.countryside-jobs.com](http://www.countryside-jobs.com). Einnig er hægt að auglýsa á síðunni [www.goabroad.com](http://www.goabroad.com). Þessar síður bjóða allar upp á svæði þar sem sérstaklega er hægt að auglýsa eftir sjálfbóðaliðum. Nýtt efni og hlekkir á umsóknareyðublað er sett inn á [www.facebook.com/icv.is](http://www.facebook.com/icv.is) og [www.facebook.com/iceland.volunteers](http://www.facebook.com/iceland.volunteers)

Umsjónaraðili ICV svarar öllum fyrirspurnum varðandi umsóknarferlið og staðfestir móttöku umsókna með tölvupósti um leið og þær berast. Væntanlegum sjálfbóðaliðum er þakkað fyrir umsóknina og látnir vita að þau gætu verið kölluð í viðtal frá 10. febrúar.

Frestur til að sækja um rennur út 10. febrúar og fer umsjónarmaður ICV þá yfir allar umsóknir og skipuleggur 30-40 Skype viðtöl. Tékklisti fyrir viðtöl er í Gráskinnu. Í lok febrúar er tilkynnt hverjir fá að koma til Íslands það sumar og þeim sendur hlekkur á skráningarsíðu. Hinum sem standast kröfur um starfið er boðið að skrá sig á biðlista. Síðasti dagur til að skrá sig er í kringum 15. mars en biðlistinn er opinn fram á miðjan apríl. Sjálfbóðaliðar þurfa við skráningu að kynna sér og samþykkja skilyrði („terms and conditions“) ásamt því að kaupa sér tryggingar fyrir Íslandsför, áður en þeir geta tekið þátt í starfinu.

Á tímabilinu mars til apríl ár hvert skal reikna nákvæman fjölda vinnuvikna og -daga fyrir sjálfboðaliðavinnu sumarsins sem er framundan. Meta þarf þennan fjölda út frá þeim verkum sem ekki er hægt að vinna á annan hátt, t.d. með verktakavinnu.

Þeir sem óska eftir sjálfboðaliðahópum á sín svæði skulu meta umfang verkefnanna eins nákvæmlega og hægt er. Mikilvægt er að allt efni og ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að sjálfboðaliðateymin geti unnið sína vinnu vel, sé tilbúið áður en teymið mætir á svæðið. Einnig skulu vera til næg verkefni á svæðinu til að grípa í, svokölluð plan-B verkefni.

Gera þarf samkomulög við þjóðgarðsvörð í Skaftafelli og ákveða með samtökunum [www.workingabroad.com](http://www.workingabroad.com) dagsetningar og fjölda skammtímahópa sem þangað eiga að fara. Þá þarf einnig að semja við Skaftafell um þjálfun sjálfboðaliðahópa, hvenær hún hefst og um gistingu fyrir hópana.

Í maí er þeim sjálfboðaliðum sem hafa skráð sig sendar upplýsingar um hvar hóparnir skuli hittast, ásamt símanúmeri liðsstjóra sem mun taka á móti liðinu og hefja þjálfun þess. Þjálfunin stendur yfir í viku.

Á tímabilinu apríl til maí skal umsjónarmaður einnig vinna að heildarskipulagi verkefna fyrir sumarið, í samráði við sérfræðinga og þjóðgarðsverði. Þar skal tilgreint hvaða hópur verður á hvaða svæði í hverri viku sumarsins.

Umsjónarmaður, með aðstoð 1-2 liðstjóra undirbýr allan öryggisbúnað, tjaldbúnað, fatnað, verkfæri og þurrmat. Þau skipuleggja einnig dagskrá og verkefni þjálfunarvikna í Skaftafelli. Séð er til þess að vinnubílar séu tilbúnir þegar hóparnir koma, að þeir séu í góðu ástandi og að fyrstuhjálparbúnaður sé í þeim öllum. Þá eru tekin saman síma- og bensínkort fyrir hópana og allt annað sem hóparnir þurfa að hafa í starfi sínu yfir sumarið.

Umsjónarmaður sér um að vera í reglulegum samskiptum við sérfræðinga og aðra aðila á vettvangi til að tryggja að allt efni og búnaður sé reiðubúinn þegar hóparnir mæta til vinnu á hverju svæði fyrir sig. Þá sér umsjónarmaður til þess að gisting sé tryggð fyrir hópinn tímanlega. Hann sér um að verkefnaplani sumarsins sé framfylgt og vinnur að úrlausn þeirra vandamála sem koma upp og að liðin vanhagi ekki um neitt á meðan á dvöl þeirra stendur.

Sjálfboðaliðar, svokallaðir langtímahópar, sem vinna allt sumarið, fá frí eina viku yfir sumarið. Í sumarfrísvikunni yfirfer umsjónarmaður allan búnað, verkfæri, bíla og birgðastöðu liðanna.

Liðin klára öll sína vinnu seinni partinn í ágúst. Haldin er grillveisla í lok tímabils hvers liðs og sér umsjónarmaður um skipulagningu hennar.

Síðustu vikuna í ágúst skipuleggja umsjónarmaður ICV og 2-3 liðsstjórar Grænu Helgina, sem er alþjóðlegur viðburður þar sem sjálfboðaliðum er boðið að taka þátt í verkefnum sem snúa

að náttúruvernd. Undirbúin er 30 mínútna kynning fyrir framhaldsskólanema, bréf send til kennara og tekið er á móti skráningu í viðburðinn. Umsjónarmaður og liðstjórar sjá um innkaup fyrir Grænu helgina og útbúa nesti, undirbúa verkfæri og skipuleggja verkefni fyrir helgina. Þau hitta svo hópana og vinna með þeim en Græna helgin er haldin síðustu helgina í ágúst.

September- og októbermánuðir eru helgaðir ýmis konar frágangi á verkfærum og búnaði en einnig tölvusamskiptum við sjálfbóðaliðana sem fá send vottorð/viðurkenningar fyrir störf sín. Hlekkur á skoðanakönnun (í gegnum SurveyMonkey) er sendur á alla sjálfbóðaliða til að fá frá þeim athugasemdir er varða starfið og upplifun þeirra af því. Þá er einnig óskað eftir ljósmyndum frá sjálfbóðaliðum og eru myndirnar notaðar með leyfi sjálfbóðaliðanna til kynningar á starfsemi ICV.

Á árinu 2016 unnu 104 sjálfbóðaliðar frá 13 mismunandi löndum fyrir ICV á Íslandi. Þau unnu í samtals 1755 daga, að u.þ.b. 80 verkefnum á 29 mismunandi friðlýstum svæðum.

## Samkomulag vegna reksturs innan friðlýsts svæðis

Árið 2015 var unnið sniðmát að samkomulagi vegna reksturs innan friðlýstra svæða. Markmiðið með slíku samkomulagi er að Umhverfisstofnun og rekstraraðilar innan friðlýstra svæða vinni sameiginlega að verndun svæðisins með það að markmiði að draga sem mest úr neikvæðum umhverfisáhrifum á friðlýstu svæðin og til að hafa sem allra minnst áhrif á náttúruna. Með samkomulaginu eru rekstraraðilar hvattir til að kynna sér leiðir til að draga úr mengun, flokka úrgang o.fl. Slík samkomulög eru ekki bindandi en með undirritun þeirra er hægt að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og veita þeim rekstraraðilum sem huga að umhverfismálum viðurkenningu fyrir sinn rekstur. Stefnt er að því að stuðla að undirritun slíks samkomulags við alla rekstraraðila sem hafa fastan rekstur á friðlýstum svæðum og er í sumum nýjum friðlýsingarskilmálum kveðið á um að rekstraraðilar skuli gera slíkt samkomulag. Þá er einnig stefnt að því að í framtíðinni munu slík samkomulög standa þeim ferðapjónustuaðilum til boða sem koma með hópa inn á friðlýst svæði. Þau fyrirtæki sem skrifað hafa undir slíkt samkomulag eru:

- ✓ Hótel Flókalundur, friðlandinu Vatnsfirði.
- ✓ Ferðafélag Íslands, Landmannalaugar.

### Gerð nýrra samkomulaga

Sérfræðingur svæðis ber ábyrgð á að gera lista yfir þá rekstraraðila sem staðsettir eru með fastan rekstur innan þeirra friðlýstu svæða sem hann ber ábyrgð á. Við gerð nýrra samkomulaga skal sérfræðingur svæðis kynna fyrir rekstraraðilum fyrirkomulag samkomulagsins og markmið þess. Hafi aðilar áhuga á að skrifa undir slíkt samkomulag skal sérfræðingur stofna mál í GoPro. Áður en samkomulag er undirritað skal sérfræðingur gera úttekt á eftirfarandi þáttum og veita rekstraraðilum upplýsingar um úrbætur ef þörf krefur:

- a) Gætt sé hófs við notkun hreinsiefna og forðast sé notkun á varnarefnum eða eitrefnum innan friðlýstra svæða sem geta spillt lífríki og vatni
- b) Úrgangur verði flokkaður í eins marga flokka og unnt er
- c) Nota skal umhverfsvottuð efni þar sem því er viðkomið, svo sem ræstiefni, handsápu eða uppþvottalög, sem og málningu. Eingöngu verði notaður umhverfsvottaður og/eða FSC (Forest Stewardship Council) vottaður salernis-handþurrkupappír sem og servíettur
- d) Frárennismál séu til fyrirmyndar og þannig frágengin að þau valdi sem minnstum umhverfisáhrifum og að unnið sé í samræmi við gildandi reglugerð
- e) Geymsla og flutningur á olíu séu tryggilega frágengin og viðbragðsáætlun sé til staðar, verði óhöpp
- f) Mannvirki falli vel að umhverfinu til að draga úr sýnileika og þannig minnka útlitsáhrif
- g) Reksturinn skapi snyrtilegt, skilvirkt og fræðandi umhverfi og styðji jákvæða ásýnd svæðisins.

Sniðmát að samkomulagi er að finna á slóðinni: Sharepoint>náttúrusvæðateymi>

## Framkvæmdir og innviðauppbygging á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun vinnur að viðamiklum framkvæmdum á friðlýstum svæðum víða um land og eru flestar þær framkvæmdir og stærra viðhald á innviðum unnar að verktökum. Framkvæmdir á vegum Umhverfisstofnunar eru bæði langtímaverkefni, sem og minni verkefni sem klárast á skemmri tíma. Landverðir, sjálfbóðaliðar og aðrir starfsmenn Umhverfisstofnunar vinna einnig að innviðauppbyggingu sem og viðhaldi innviða.

Innviðir skulu ávallt falla vel að landslagi og hafa þann tilgang að standa vörð um verndargildi svæðis á sama tíma og tekið er á mótum gestum þess. Huga skal að því að viðhaldsþörf innviða sé lágmörkuð og að framkvæmdir séu afturkræfar þar sem það er hægt. Notkun mengandi efna skal haldið í lágmarki og huga þarf að sjálfbærni við efnisval þegar það er hægt. Uppbygging innviða skal fela í sér aukna fræðslu um friðlýst svæði og verndargildi þeirra. Skulu innviðir byggðir með það að markmiði að auka möguleika gesta á náttúruupplifun. Með innviðauppbyggingu og öðrum framkvæmdum skal einnig hugað að öryggi gesta á svæðunum.

Sótt er um framkvæmdafé á haustin fyrir verkefni næsta árs. Sérfræðingar náttúrusvæðateymis taka saman yfirlit og kostnaðarmat fyrir brýnustu framkvæmdir á þeirra svæðum og sækja um fé til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þeir sjá einnig um utanumhald um framkvæmdir sem fá sér fjármagn í gegnum fjárlög. Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmdum og kostnaðaráætlun tengdum þeim.

## Leyfisveitingar á friðlýstum svæðum

Sérfræðingar náttúrusvæðateymis, í samráði við umsagna- og leyfisteymi, sjá um að afgreiða leyfi til framkvæmda, rannsókna, ljós- og kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum. Sé framkvæmdin ekki leyfisskyld, sér sá sérfræðingur sem er ábyrgur fyrir leyfisóskinni um að senda viðkomandi aðilum leiðbeinandi bréf. Nánar er fjallað um leyfi og leiðbeinandi bréf í kaflanum hér að neðan.

Oft berast Umhverfisstofnun fyrirspurnir um leyfi á svæðum sem ekki eru í umsjón stofnunarinnar. Sérfræðingar Umhverfisstofnunar vísa þá framkvæmdaaðilum eftir bestu getu á rétta aðila. Leyfi til ljósmynda- og kvikmyndatöku innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum er háð leyfi Þingvallarnefndar. Ljósmynda- og kvikmyndatökur innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru háðar leyfi Þjóðgarðsvarða á viðkomandi svæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

## Leyfisumsóknir fyrir framkvæmdir, rannsóknir og ljósmynda- og kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Hér að neðan eru tiltekin þau atriði sem þurfa að koma fram þegar framkvæmdaraðilar sækja um leyfi. Fá sérfræðingar náttúrusvæðateymis fyrirspurnir varðandi leyfisveitingar skulu þeir upplýsa framkvæmdaraðila um þessa þætti og vísa þeim á þjónustusvæði heimasíðu Umhverfisstofnunar, þar sem hægt er að sækja um leyfi. Það er einnig í höndum þess sérfræðings sem ber ábyrgð á málinu að kalla eftir þessum upplýsingum, hafi þær ekki komið fram í leyfisumsókn.

### Heiti friðlýsts svæðis

Nafn friðlýsta svæðisins skal koma fram á leyfisumsókn. Tilgreina þarf ef um fleiri en eina staðsetningu er að ræða innan þess. Tilgreina skal tímasetningar og tímalengdir fyrir hverja staðsetningu.

Ef um er að ræða ljósmynda- og kvikmyndaverkefni sem tekur fleiri en einn dag með undirbúningi, tókum og frágangi, þarf að tilgreina á hvaða tímabil þeir verkþættir fara fram. Í þeim tilvikum þegar sótt er um leyfi til ljósmynda- eða kvikmyndatöku innan margra friðlýstra svæða skal umsækjandi skila inn einni umsókn vegna allra svæðanna og tiltaka öll þau svæði sem áætlað er að taka upp á.

### Umfang verkefnisins

Tilgreina þarf fjölda starfsmanna sem kemur að framkvæmdinni eða rannsókninni. Varðandi ljósmynda- og kvikmyndatöku þarf að tilgreina fjölda og hversu margir þeirra eru leikarar og aukaleikarar. Ef aðstaða fyrir starfsfólk er utan tókustaðar en þó innan hins friðlýsta svæðis þarf einnig að taka fram hversu margir þeirra verða á tókustaðnum og hversu margir halda sig á því svæði sem ætlað er starfsfólki. Ef um fleiri en einn tókustað er að ræða og fjöldi starfsmanna, leikara eða statista er mismunandi þarf að taka það fram.



Ef um uppsetningu tjaldbúða og salernisaðstöðu er að ræða, þarf slíkt að koma fram í umsókninni. Upplýsingar um staðsetningu tjaldbúða og salerna þarf að liggja fyrir, sem og hvernig umsækjandi hyggst fyrirbyggja rask og mengun vegna þessa búnaðar.

Koma þarf fram hvort notast eigi við vélknúin tæki innan friðlýsta svæðisins. Tilgreina þarf fjölda og gerð tækja sé um slíkt að ræða.

Samkvæmt 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er akstur utan vega bannaður. Hægt er að sækja um sérstakt leyfi til stofnunarinnar til aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar. Fram þarf að koma hvernig standa skal að flutningi inn á svæðið ef þess gerist þörf.

Varðandi ljósmynda- og kvikmyndatökur þarf að koma fram hvort setja þurfi upp leikmynd og/eða notast við leikmuni, sem og umfang þeirra ef við á. Tilgreina þarf hvort notast eigi við efni sem geta haft skaðleg áhrif á náttúru svæðisins. Tiltaka skal hvort um verði að ræða hugsanlegt rask á jarðvegi, gróðri eða dýralífi vegna myndatökunnar. Ef verkefninu fylgir jarðrask eða mannvirkjagerð þarf að taka það fram, jafnvel þótt um tímabundna framkvæmd sé að ræða. Hér skal einnig tilgreina aðrar framkvæmdir sem farið verður í til að takmarka líkur á jarðraski og til hvaða ráða verður gripið til að lagfæra þær skemmdir sem hugsanlega verða vegna verkefnisins.

Leyfi Matvælastofnunar þarf fyrir notkun dýra við kvikmyndatökur.

### **Takmörkun á umferð**

Ef takmarka þarf aðgang almennings á meðan vinna við verkefni fer fram þá ber að taka það fram. Taka ber fram hversu lengi takmarkanir á aðgengi myndu vera í gildi. Umhverfisstofnun veitir ekki heimild fyrir því að svæðum sé lokað fyrir aðgengi almennings á meðan vinna við kvikmyndatökur og ljósmyndun fer fram. Sækja þarf um slíkt leyfi til lögreglu, Vegagerðar og landeigenda, allt eftir því hvers konar takmarkanir er um að ræða. Í þeim tilfellum sem ríkið er landeigandi er sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar eða þess ráðuneytis sem fer með umsjón landareigna ríkisins.

### **Lýsing og fylgigögn**

Framkvæmdaraðili skal senda inn sem ítarlegastar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir, rannsóknir eða myndatökur til að flýta fyrir afgreiðslu málsins. Fylgigögn geta t.d. verið kort og myndir af svæðinu þar sem búið er að merkja inn athafnarsvæðið, sem og ítarlegri lýsing á framkvæmdinni.

Minna skal framkvæmdaraðila á að sækja verður um leyfi til sveitarfélaga og landeigenda þar sem það á einnig við.

Þeir sem stunda rannsóknir á friðlýstum svæðum skulu beðnir um að niðurstöður allra rannsókna verði sendar Umhverfisstofnun til skjalavistunar. Ekki hefur tíðkast að innheimta gjald vegna rannsókna á friðlýstum svæðum.

### **Verkferill**

Hér að neðan er verkferill, fenginn úr Gráskinnu, um leyfisveitingar og meðhöndlun leyfisóska.

### 1. Beiðni um leyfi

Viðskiptavinur sækir um leyfi til framkvæmda, rannsókna eða ljósmynda- og kvikmyndatöku innan friðlýsts svæðis í gegnum „Þjónustugátt – Mínar síður“ á vefsvæði Umhverfisstofnunar ([www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)).

### 2. Móttaka og skráning

Skjalavörður móttækur beiðni um leyfi og skráir í Gopromálafærslukerfi og úthlutar verkefni til ábyrgðarmanna eftir verkaskiptingarskjali.

### 3. Greining

Ef ekki er skýrt hver er ábyrgðarmaður þá greinir teymisstjóri verkefnið og úthlutar sérfræðingi (oftast eftir landshluta).

### 4. Mat á leyfisskyldu


Sérfræðingur metur, í samráði við teymisstjóra, leyfisskyldu á friðlýstu svæði í samræmi við náttúruverndarlög nr. 60/2013 og friðlýsingarskilmála. Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 veitir umhverfis- og auðlindaráðherra í sumum tilvikum undanþágur á friðlýstum svæðum. Sérfræðingur skal því ganga úr skugga um að umbeðin framkvæmd á friðlýstu svæði heyri undir Umhverfisstofnun en ekki umhverfis- og auðlindaráðherra.

### 5. Niðurstaða

#### Ekki leyfisskylt hjá Umhverfisstofnun

Ef sérfræðingur, í samráði við teymisstjóra, hefur komist að þeirri niðurstöðu að erindi er ekki leyfisskylt hjá Umhverfisstofnun skal sérfræðingur senda viðskiptavini leiðbeinandi bréf/tölvupóst þar sem farið er yfir helstu reglur sem gilda á hinu friðlýsta svæði. Jafnframt skal sérfræðingur leiðbeina viðskiptavini hvernig sótt er um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins ef við á. Sérfræðingur skrifar einn undir bréfið/tölvupóstinn.

#### Leyfisskylt hjá Umhverfisstofnun



Sérfræðingur undirbýr leyfi, í samráði við aðra sérfræðinga sem skráðir eru á málið og eftir atvikum teymisstjóra, út frá þeim þáttum sem að ofan eru greindir. Í Gopro er að finna staðlað bréf sem vinna skal leyfisveitinguna eftir. Mikilvægt er að fram fari áhrifamat. Jafnframt skal sérfræðingur hafa samráð við náttúrusvæðateymi vegna eftirlits með framkvæmd á friðlýstu svæði. Svið náttúru (náttúrusvæðateymi) ákveður hvort þörf sé á eftirliti með leyfisveitingunni og úthlutar eftirlitsmanni. Sérfræðingur hefur samband við fagritara sem skráir málið á afgreiðslufund helst tveimur dögum fyrir fund. Jafnframt skal sérfræðingur senda drög af leyfisbréfi til fagritara og þeirra sem boðaðir eru á afgreiðslufund.

## 6. Afgreiðslufundur

Sérfræðingur kynnir leyfisveitinguna á afgreiðslufundi og gerir grein fyrir málsatvikum. Endanleg ákvörðun varðandi leyfisveitinguna og eftirlit með henni er tekin á afgreiðslufundi.

## 7. Frágangur og útprentun

Sérfræðingur sér um frágang og útprentun á leyfisbréfi. Ef sérfræðingur er ekki staðsettur í Reykjavík sendir hann fagritara leyfisbréfið sem setur rafræna undirskrift sérfræðings á leyfið. Eftir að fagritari hefur sett rafræna undirskrift sérfræðings prentar hann leyfið út og kemur því til sviðsstjóra sem einnig undirritar leyfisbréfið.

Þegar gefið er út leyfi á friðlýstu svæði sem felur í sér minniháttar framkvæmd skrifar sérfræðingur undir leyfið ásamt sviðsstjóra. Ef leyfið heimilur meiriháttar framkvæmd á friðlýstu svæði skrifar sviðsstjóri ásamt forstjóra undir leyfið. Sjá frekari upplýsingar um undirritun í LEI-Undirskriftir.

## 8. Leyfisbréf sent málsaðila

Sérfræðingur fer með leyfisbréfið í afgreiðslu sem sér um að senda leyfið til viðskiptavinar og eftir atvikum afrit af bréfi til annarra aðila. Þar er leyfisbréfið einnig skannað inn í Gopro-málafærslukerfið. Ábyrgðarmaður máls sendir ákvörðunina á umsækjanda með tölvupósti. Ef sérfræðingur sem unnið hefur leyfisveitinguna er ekki sérfræðingur á því landsvæði sem leyfisveiting er veitt á, skal sá sérfræðingur senda afrit af leyfisbréfinu á þann sérfræðing sem vinnur á umræddu svæði.

Afrit af leyfisbréfinu skal einnig senda í tölvupósti til rekstrarteymis (Kristbjargar) til að hægt sé að innheimta gjald fyrir leyfisveitinguna.

# Eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum á friðlýstum svæðum

Hér að neðan eru tekin saman atriði sem ber að hafa til hliðsjónar þegar eftirlit vegna leyfa á friðlýstum svæðum er skipulagt.

- Teymisstjóri, í samráði við sérfræðing svæðis/landshluta, skoðar framkvæmdaráætlun og umfang hennar og ákveður hvort eftirlit getur farið fram á hefðbundnum vinnutíma sérfræðings eða landvarða. Hann ákveður einnig hvort Umhverfisstofnun muni rukka viðkomandi aðila fyrir eftirlitsferðina eða ekki. Ath: Hvert verkefni krefst eftirlitsferðar og fyrir hverja eftirlitsferð þarf að skrifa eftirlitskýrslu. Eftirlitsferðir utan vinnutíma eru greiddar eftirlitsmanni sem yfirvinna. Mikilvægt er að veita leyfi vel fyrir byrjun framkvæmda svo hægt sé að skipuleggja eftirlitsferð (finna eftirlitsmann, ferðamáta o.s.frv.).
- Sérfræðingur Náttúrusvæðateymis skipuleggur eftirlitsferð (hann sjálfur eða sumarlandvörður á svæðinu). – Ráðstafa þarf tíma, ferðamáta (bóka bíl, ef þess þarf o.s.frv.).
- Eftirlitsaðili/Sérfræðingur verður í símasambandi við verkefnisstjóra framkvæmdaaðila daginn áður en framkvæmdir hefjast. Hann kynnir sér og prentar út leyfi og framkvæmdaráætlun í tveimur eintökum.
- Eftirlitsmaður mætir á svæðið áður en framkvæmdir hefjast til að taka út ástand á svæðinu og byrja að skrifa niður upplýsingar fyrir eftirlitskýrslu og tekur ljósmyndir.
- Eftirlitsmaður sem mætir á svæðið athugar hvort framkvæmdaraðili sé með leyfi/framkvæmdaráætlun á sér og hvort hann sé búinn að kynna vinnuhóp sínum öll skilyrði og leiðbeiningar sem Umhverfisstofnun hefur sent þeim. Ef ekki, afhendir eftirlitsmaður sitt eintak og heldur stutta munnlega kynningu og tekur ljósmyndir. Eftirlitsmaður metur hvort hann þurfi að vera viðstaddur allan tímann eða ekki og rökstyður það í skýrslu.
- Eftirlitsmaður metur ástand svæðis eftir frágang, skráir upplýsingar inn í skýrslu og tekur ljósmyndir.
- Eftirlitsmaður metur hvort viðkomandi framkvæmdaraðili sé með frávík frá leyfi.
- Eftirlitsmaður skráir vinnutíma og annan kostnað (t.d. bílaleiga, eldsneyti o.s.frv.).
- Eftirlitskýrsla er skrifuð með því að nota sniðmát „eftirlitskýrsla“ sem er í GoPro og er skýrslan send til fyrirtækis, til Rekstrarteymis (til Kristbjargar) svo hún geti sent reikning til viðkomandi framkvæmdaraðila.
- Skýrslur sem lýsa frávíki eða einhverskonar atviki sem er ekki í samræmi við leyfisbréf skal senda til lögfræðings hjá leyfisteymi Umhverfisstofnunarlögfræðings sem sér um eftirfylgni (til Svövu). Hægt er að gera þetta með sama tölvupóst (til framkvæmdaaðila og í cc til Svövu og Kristbjargar).
- Teymisstjóri hefur yfirsýn yfir eftirlitskýrslur og býr til árángursvísa fyrir gæðastjóra.

## Gjaldskrá

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 61/2013. Gjald fyrir leyfi vegna starfsemi og framkvæmda á friðlýstum svæðum er kr. 39.400, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Gjald fyrir leyfi vegna kvikmyndagerðar og/eða

myndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur framangreindu gjaldi er stofnuninni heimilt að innheima tímagjald fyrir umframvinnu. Ef Umhverfisstofnun veitir leyfi til aksturs utan vega skv. 24. gr. a samhliða leyfi til framkvæmdar innheimtir stofnunin einungis gjald fyrir leyfi til framkvæmdar. Umhverfisstofnun hvetur framkvæmdaraðila til að vera ávallt með leyfi þar til bærra aðila fyrir framkvæmdum, rannsóknum, ljósmynda- og kvikmyndatökum á friðlýstum svæðum.

## Leyfi utan friðlýstra svæða

Í 54. gr. laga um náttúruvernd segir að ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt, sem getur sett skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

## Umsagnir vegna svæða á náttúruminjaskrá

Hér að neðan má sjá almennan verkferil um umsagnir á grundvelli náttúruverndarlaga. Sérfræðingar náttúrusvæðateymis og friðlýsingateymis geta fengið á borð til sín beiðni um umsögn vegna svæða á náttúruminjaskrá. Engin stefnumótun hefur átt sér stað milli teymanna hvað varðar verklag og verkaskiptingu slíkra umsagna, umfram það sem sett er fram í verkferkinum hér að neðan.

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að Umhverfisstofnun uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 56/2000 og lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

### Beiðni um umsögn á grundvelli náttúruverndarlaga.

#### 1. Beiðni um umsögn

Beiðni um umsögn berst Umhverfisstofnun.

#### 2. Móttaka og skráning

Skjalavörður móttækur beiðni um umsögn og skráir í Gopro-málafærslukerfi. Í flestum tilfellum úthlutar skjalavörður verkefni til ábyrgðarmanns eftir verkaskiptingarskjali.

#### 3. Greining

Ef ekki er klárt hver er ábyrgðarmaður þá greinir teymisstjóri umsagnarbeiðni og úthlutar til sérfræðings.

#### 4. Vinnsla umsagnar

Sérfræðingur vinnur umsögn í samráði við teymisstjóra og eftir atvikum aðra sérfræðinga. Sérfræðingur skrifar undir umsögnina ásamt öðrum sérfræðingi. Ef um er að ræða umsögn við stefnumótandi eða viðkvæm mál þá skrifar sviðsstjóri og forstjóri undir. Sjá frekari upplýsingar um undirritun í LEI-Undirskriftir.

#### 5. Frágangur og útprentun

Sérfræðingur sér um frágang og útprentun á umsögn.



## 6. Umsögn send

Sérfræðingur fer með umsögnina í afgreiðslu þar sem umsögnin er send til umsagnarbeiðanda og eftir atvikum afrit af umsögn til annarra aðila. Í afgreiðslu fer einnig fram skönnun umsagnar inn í Gopro-málafærslukerfið. Ábyrgðarmaður máls sendir umsögn með tölvupósti á umsagnarbeiðanda.

## Brot á skilmálum eða lögum og refsíákvæði

Í XV kafla laga um náttúruvernd er fjallað um þvingunarúrræði og viðurlög. Þar segir í 87. gr. að ef brotið er gegn fyrirmælum laganna eða stjórnvaldsfyrirmæla sem eru á grundvelli þeirra (t.d. friðlýsinga), getur Umhverfisstofnun beint áskorun til viðkomandi aðila um að láta af ólögmætri athöfn eða athafnaleysi. Þá getur Umhverfisstofnun lagt fyrir framkvæmdaraðila sem valdið hefur náttúruspjöllum með framkvæmd, sem brýtur í bága við ákvæði laganna, friðlýsingu, annara stjórnvaldsfyrirmæla eða leyfa sem framkvæmdaraðilum hefur verið veitt af Umhverfisstofnun, að bæta úr þeim, afmá jarðrask eða lagfæra gróðurskemmdir.

Verði sérfræðingar eða landverðir uppvísir að slíku athæfi skal það tilkynnast teymisstjóra og sviðsstjóra náttúrusvæðateymis hið fyrsta. Liggi fyrir byggingar- eða framkvæmdarleyfi skal sérfræðingur náttúrusvæðateymis, í samráði við sviðsstjóra, hafa samráð við skipulags- eða byggingarfulltrúa viðkomandi sveitafélags. Frekari ákvæði um úrbætur, dagsektir og stöðvun framkvæmda er að finna í 87. og 88. gr. laga nr. 60/2013. Í Gráskinnu er að finna sniðmát fyrir áform um dagsektir eða áminningu. Sérfræðingar í náttúrusvæðateymi, eða eftir tilfellum öðrum teyllum bera ábyrgð á því að skrifa bréf vegna slíkra mála, í samráði við lögfræðing leyfisteymis og sviðsstjóra sviðs samþættingar og/eða náttúru.

Í 88. gr. laga er heimild til að stöðva tafarlaust athafnir og framkvæmdir. Hefur Umhverfisstofnun, sérfræðingur stofnunarinnar eða landvörður heimild til að stöðva tafarlaust fólk og faratæki ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir brot á ákvæðum náttúruverndarlaga um umferð. Um umferð er fjallað í IV og V kafla laga 60/2013. Umsjónaraðilar náttúruverndasvæða hafa einnig þessa heimild innan þeirra svæða þar sem þeir fara með umsjón.

Umhverfisstofnun er einnig heimilt að stöðva tafarlaust framkvæmd eða athöfn sem er leyfisskyld samkvæmt lögum en hafin hefur verið án þess að leyfi sé fengið fyrir henni. Verði sérfræðingur náttúrusvæðateymis uppvísir að slíku athæfi skal hafa samband við sviðsstjóra náttúru og einnig sviðsstjóra samþættingar, sem ber ábyrgð á leyfismálum.

Umhverfisstofnun hefur einnig heimild til að stöðva tafarlaust framkvæmd eða athöfn ef stofnunin telur að af henni stafi yfirvofandi hættu á verulegu tjóni á náttúru Íslands og að aðgerð þoli enga bið.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða við stöðvun athafna og framkvæmda samkvæmt þessari grein.

## Lokun svæða

Unnir hafa verið verkferlar vegna takmörkunar á umferð sbr. gr. 25 í lögum 60/2013 um náttúruvernd. Þá hefur verið gert sniðmát fyrir skilti sem má finna á Sharepoint skjalasafni náttúrusvæðateymis. Verkferlana má sjá hér á eftir.

### Verkferill vegna takmörkunar á umferð í óbyggðum (gr. 25), fyrirbyggjandi aðgerðir

1. Ábending kemur frá sveitarfélagi, landeiganda, landverði, starfsmanni Umhverfisstofnunar, systurstofnum Umhverfisstofnunar eða hagsmunaaðila um að hætta sé á verulegu tjóni af völdum ágangs
2. Svæði tekið út af starfsmanni Umhverfisstofnunar/vísindamanni til að meta álag á svæðið
  - a. Er hætta á verulegum eða óafturkræfum skemmdum?
  - b. Er um að ræða viðkvæma náttúru eða lífríki?
3. Afgreiðslufundur þar sem gögn eru metin. Samhliða fer fram úttekt á svæðinu
4. Umsagnar óskað frá sveitarfélagi, landeiganda og réttihafa lands og hagsmunaaðila sem nýtir svæðið. Sent er bréf/tölvupóstur á stærstu hagsmunaaðilana í hverju tilviki fyrir sig. Þar sem við á er jafnframt óskað almennt eftir umsögnum á heimasíðu Umhverfisstofnunar
5. Unnið úr umsögnum
6. Afgreiðslufundur hjá Umhverfisstofnun þar sem metið er hvort takmarka þurfi umferð og umfang takmarkana ákveðið
  - a. Fjöldatakmarkanir?
  - b. Lokun á ákveðnum tímum árs?
7. Tillaga um lokun svæðis send til ráðherra umhverfis- og auðlindamála til staðfestingar
8. Ákvörðun um takmörkun á umferð um svæði auglýst í B-deild stjórnartíðinda
9. Sett upp skilti/merkingar á svæði um takmarkanir á umferð. Tilkynningar sendar út til ferðapjónustuaðila sem nýta svæðið
10. Eftir 1 ár er ákvörðunin endurmetin
11. Sérfræðingur og/eða vísindamaður taka út ástand svæðis
12. Gögn metin
13. Umsagnar óskað frá sveitarfélagi, landeiganda eða réttihafa lands og hagsmunaaðila
14. Ferlið endurtekið ef þörf er á. Áætlaður málshraði er að hámarki 4 vikur þar af er áætluð 1 vika í umsagnarfresti.

### Verkferill vegna takmörkunar umferðar vegna ágangs (gr. 25 a) , skyndilokun

1. Ábending kemur frá sveitarfélagi, landeiganda, landverði, starfsmanni Umhverfisstofnunar, systurstofnunum Umhverfisstofnunar eða hagsmunaaðila um að hætta sé á verulegu tjóni af völdum ágangs
2. Svæði tekið út af starfsmanni Umhverfisstofnunar/vísindamanni til að meta álag á svæðinu
  - a. Er hætta verulegum eða óafturkræfum skemmdum?
  - b. Er um að ræða viðkvæma náttúru eða lífríki?
  - c. Er hægt að lagfæra án þess að loka svæðinu/takmarka umferð?
3. Afgreiðslufundur þar sem gögn eru metin. Samhliða fer fram úttekt á svæðinu
4. Umsagnar óskað frá sveitarfélagi, landeigendum eða réttihöfum lands, ferðapjónustuaðilum sem nýta svæðið, samtökum ferðapjónustuaðila, útivistarsamtökum og öðrum hagsmunaaðilum. Sendur er tölvupóstur á stærstu





- hagsmunaaðilana. Þar sem við á er jafnframt óskað almennt eftir umsögnum á heimasíðu Umhverfisstofnunar
5. Unnið úr umsögnum
  6. Afgreiðslufundur þar sem metið er hvort takmarka þurfi umferð og umfang takmarkana ákveðið
    - a. Fjöldatakmarkanir?
    - b. Lokun á ákveðnum tímum árs?
  7. Ákvörðun um takmörkun á umferð um svæði auglýst í fjölmiðlum og vefsíðum Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar
  8. Sett upp skilti/merkingar á svæði um takmarkanir á umferð. Tilkynningar sendar út til ferðaþjónustuaðila sem nýta svæðið og fjölmiðla
  9. Eftir tvær vikur er ákvörðunin endurmetin
  10. Sérfræðingur og/eða vísindamaður taka út ástand svæðis
  11. Gögn metin
  12. Umsagnar óskað frá sveitarfélagi, landeiganda eða rétthafa lands og hagsmunaaðila ef við á
  13. Ef óska þarf eftir framlengingu þá er skjal sent ráðherra umhverfis- og auðlindamála til staðfestingar
  14. Ákvörðun um frekari takmörkun á umferð um svæði auglýst í fjölmiðlum og vefsíðum Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar ef við á
  15. Ferlið endurtekið ef þörf er á. Áætlaður málshraði er 2-5 dagar þar af getur umsagnarfrestur orðið frá 1 degi niður í nokkrar klukkustundir.

### Refsiábyrgð

Í 90. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um refsíábyrgð.

## Gagnavarsla

Ástand svæða er skráð í Filemaker. Þar er skiltagrunnur og gangagrunnur um viðkomandi svæði sem er uppfærður árlega. Þar er einnig að finna upplýsingar um fjölda landvarða og landvarðavikur.

Gopro er skjalavistunarkerfi og þar er vistun mála. Öll bréf eru send úr Gopro þannig að allt sem tengist málum og samskipti út á við vistast í gegnum Gopro.

Sharepoint er vinnusvæði starfsmanna og þar eru vistuð skjöl sem eru í vinnslu. Mælt er til að skjöl séu unnin þar og ekki vistuð í tölvur starfsmanna.

## Ágengar framandi tegundir

Árlega skila sérfræðingar í náttúrusvæðateymi inn gögnum um útbreiðslu alaskalúpína á svæðum í sinni umsjón. Sérfræðingur í náttúrusvæðateymi sér um að halda utan um upplýsingarnar fyrir hönd teymisins. Gögnin eru vistuð í Gopro.

## Gagnaskil CDDA

Þann 15. mars ár hvert ber friðlýsingateymi ábyrgð á því að skila gögnum varðandi friðlýst svæði til Umhverfisstofnunar Evrópu EEA. Teymisstjóri ber ábyrgð á skilunum sem fara fram í gegnum heimasíðu EEA. EEA gefur út gagnagrunna sem einnig eru á síðunni þar sem fylla skal inn viðeigandi upplýsingar. Landmælingar hafa séð um að fylla upplýsingar inn í gagnagrunnana að beiðni Umhverfisstofnunar en teymisstjóri friðlýsingateymis ber ábyrgð á að gögnum sé skilað á réttum tíma. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með gagnaskilunum og útvegar lykilorð sé þess þörf.

## Miðlun upplýsinga, forvarnir og fræðsla.

Það er ljóst að stór hluti verkefna teymanna snýr að fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna, samstarfsaðila og hagsmunaaðila. Fræðsla á friðlýstum svæðum fer fram í gegnum göngur landvarða, gestastofur og skilti en um skiltagerð á vegum stofnunarinnar gilda eftirtaldar reglur:

Mat á skiltapörf er í höndum sérfræðinga í náttúrusvæðateymi sem leggja fram tillögur að skiltapörf á útgáfuáætlun, í samráði við teymisstjóra. Útgáfuáætlun er samþykkt af sviðsstjóra. Sérfræðingar sjá um að koma skiltahugmyndum í hönnun, framkvæmd og uppsetningu en þó ávallt í samráði við sviðsstjóra sem ber ábyrgð á útgjöldum vegna skiltagerðar. Sérfræðingar skulu gæta samráðs innan teymis hvað varðar efnisatriði og útlit skilta til að samræmi séu á skiltum á friðlýstum svæðum.

Handbók um skiltagerð má nálgast hér: <http://ust.is/atvinnulif/sveitarfelog/skilti-og-merkingar/>

Náttúrusvæðateymi hefur unnið að samræmingu innkomuskilta á friðlýstum svæðum og sótt um í framkvæmdasjóð ferðamanna fé til framleiðslu þeirra.

Teknar hafa verið saman upplýsingar, svo sem fréttir og fræðsluefni um tjöldun samkvæmt nýjum náttúruverndarlögum, akstur utan vega o.fl. Mikilvægt er að halda utan um slíkt efni og finna nýja vettvanga til að miðla slíkum upplýsingum.

Mikilvægt er að forvarnar- og fræðsluefni sé á fleiri tungumálum en íslensku og er orðið brýnt að þýða upplýsingar um friðlýst svæði á heimasíðu Umhverfisstofnunar yfir á ensku t.d. Þá er einnig brýnt að hafa varúðarskilti á fleiri tungumálum en íslensku á ensku. Dæmi um slíkt skilti eru t.d. við Djúpalónssand.

Sérfræðingar náttúrusvæðateymis hafa einnig verið með fræðslu um náttúruvernd í skólum, ásamt því að fjölbrautaskólanemar á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið þátt í forvarnastarfi í náttúruvernd í gegnum sjálfboðaliðastarf Umhverfisstofnunar og hafa í gegnum þá vinnu fengið víðtæka fræðslu um náttúruvernd og gildi hennar.

Skilti til að draga úr utanvegaakstri hafa verið sett upp víða í óbyggðum víðernum eða upphafi leiða að óbyggðum víðernum. Skiltin voru framliedd og sett upp í samvinnu við Vegagerðina. Þá hafa örfréttir vegna utanvegaakstur verið birtar til að vekja athygli á náttúruspjöllum. Tveir bæklingar eru til í fórum Umhverfisstofnunar og dreifa landverðir Umhverfisstofnunar þeim til ferðamanna þar sem það er þörf.



Friðlýsingateymið sendir reglulega frá sér fréttir af friðlýsingum og stjórnunar- og verndaráætlunum en þær eru birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar og hafa lögbundin kynningartíma samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Náttúrusvæðateymi sendir reglulega frá sér fréttir af uppbyggingu á svæðum og öðrum fréttir af friðlýstum svæðum, sem og af ástandi innviða og náttúruminja í umsjón teymismeðlima.

Teymin tvö leggja því ríka áherslu á að miðla framvindu vinnu sinnar á heimasíðu stofnunarinnar.

## Samantekt

Handbók þessi er samantekt þeirra þátta sem einkenna störf friðlýsingateymis og náttúrusvæðateymis í stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar. Handbókin er lifandi skjal og breytingum háð og skal hún uppfærð með tilliti til allra breytinga á verkferlum og starfsháttum sem verða á störfum innan teymanna. Teymisstjórar friðlýsingateymis og náttúrusvæða bera ábyrgð á að handbókin sé uppfærð en geta falið sérfræðingum teymanna tveggja að uppfæra einstaka ferla.

Starf teymanna er í stöðugri þróun og innleiðing nýrra náttúruverndalaga mislangt komin í einstaka ferlum innan stofnunarinnar. Með reglulegum uppfærslum nýtist handbókin teymismeðlimunum best og gefur öðrum skýra mynd af starfi sérfræðinga friðlýsingateymis og náttúrusvæðateymis Umhverfisstofnunar.

# Ítarefni

Hér hvetjum við sérfræðinga í náttúrusvæða- og friðlýsingateymi að taka saman heimildir sem tengjast starfi teymanna. Huga þarf að því að búa til nýjan þemaflokk ef heimildin fellur ekki undir þá flokka sem tilgreindir eru hér að neðan.

Alþjóðlegar samþykktir og rannsóknir tengdar þeim

Stjórnun friðlýstra svæða

Ramsar

Stjórnunar- og verndaráætlanir

Samráð og samningstækni í umhverfissvernd

Göngustígagerð og innviðir á náttúruverndarsvæðum